

ÍSÓLFUR PÁLSSON

MINNINGAR ÞESS LIÐNA

1937

Blaða talan er neðst til vinstri.

Af vangá hefi eg sumstaðar skrifað andstætt á bak síðu blaða er kom í fyrstu af því að eg gætti þess ekki, síðar var óvandvirknin svo sem sjálfsögð. er eg var að grípa í þetta, fyrst veikur af Inflúenzu. Síðast oftast með útvarps hávaðann í eyrum, og er það sízt næði samt þeim er tekur ekki eftir öllu þaðan með eftirtekt. Svo breytandi getur útvarp orðið til lengdar þeim sem hafa ekki því meiri mætur á negra jassinum m/m.

Þetta bláa merki hefi eg sett á þær blaðsíður sem eg hefi sett N.B eða skýringar. svo hægra sé að átta sig á þeim við fyrsta lestur. b.e. hlaupa yfir þær.

1937. 10. janúar.

MINNINGAR ÞESS LIÐNA.

Hér hefst frásögnin um vinnu aðferðir og almenn vinnubrögð, árið umkring, á mínum unglingsárum, vinnuhættir til sjávar og sveitar, en þó, eins og nú, eru flest býli þar, neðra í Árnes-sýslu, sem bæði hafa not sjávar, til fiskifanga, þangs og sölva-tekna, þ.e. sem kallað var að búa til sjós og sveitar.

Þau orð, sem eru undirstrikuð, eins og þessi síðasta setning, merkir, að þannig var oft tekið til orða í daglegu tali, þ.e. "málvenja".

Það sem á þessi blöð verður skrifað er skrifað eftir bestu vitund, svo hvergi skal vera hallað réttu máli, um menn né málefni. = Mottó: Ekkert ósatt orð!

Þegar byrjað er að segja frá er nýár, verður þá að sjálfsögðu skýrt framhald af vetrinum, allt frá hausti. Við lítum inn í baðstofu að morgni, um kl. 7. Eldakonan fer þá á fætur að hita kaffið. Hún kemur furðu fljótt inn með ketilinn, en svo stendur á því, að eldurinn er falinn, að kveldi, þ.e. glóðinni er safnað saman í hlóðunum. sett þurr torfa ofaná og ketillinn, fullur af vatni, settur ofan á torfu-snepilinn. Síðan dittaað utan að katlinum, með miður þurrri eldiviðar rusli, t.d. linu þangi eða deigum mó. Með þessu var orðið snarpheitt á katli að morgni, stundum svo að lá við suðu. Um nætur var linburri eldiviðurinn sem var utan með katli orðinn þurr, og því fljótt að taka til hans, stundum líka útbrunninn og þegar svo vildi til, sauð tíðum á katli. Húsmóðirin skenkti kaffið, ef hún var viðlátin, enda

var hún oft og tíðum sjálf eldakonan og í eldhúsi allan daginn, sem oft var erfitt verk, með lítt nothæfan eldivið, mó, þang eða skán, oft blautt og gaddað, og kuldi í eldhúsum oft lítt þolandi. Þá bætti ekki úr er eldiviðarleysi svarf að, var þá sumstaðar neyðst til að brenna moði og öðru hey-rusli og í neyð var það til að nothæft skepnufóður slæddist með, og fór þá oft ver um heyföng er voraði að með kuldum og hagleysum.

Eftir morgunkaffið setti hún upp eldamenskuna til morgunmatar (frúkosts) sem var þá etinn kl. 10 að morgni. Sumstaðar var hádegiskaffi, en ekki alstaðar efni til þess. Morgunmaturinn var soðning með jarðaravexti, rófum og kartöflum meðan entist. Það bága var, hve oft og víðast var lítil fyrirhyggja með að stunda garðræktina svo sem skyldi. Jarðaravöxt þraut oft á þorra og að sjálfsögnu allvíðast á útmánuðum, stundum vegna skemmda af slæmri geymslu, en oftast af beinni þurrð. Hjá fátækara fólki sem hafði þó einhverja málnytu, var flóúð mjólk með súrkáli ofaní haft til morgunverðar, en þótti æði létt fæða þeim sem að útivinnu störfuðu allan daginn.

Miðdagsmatur var jafnan etinn kr. 3 e.m. Þá helzt þurrmat, fiskur, brauð og kökur. - Þar sem það var til, en til mun hafa verið að matarföng voru af skornum skammti, er fram á leið og tók þá fólk sumstaðar það snjalla ráð, að hafa einmælt, þ.e. borða um hádegis. Varð fólkið fremur satt með því og vel bærilegt þeim er nógan höfðu svefn og hæga inni vinnu. Erfiðisfólk útivið þurfti meiri mat.

Loks að kveldi var kl. 7- 8 vökvun, = súpa með vel skornu súrkáli. Eldakonnan sat því allt rökkrið (kl. 4- 7) í eldhúsinu að elda kveldmatinn. Seinasta verk hennar þar, var að fela eldinn, og þótti ekki öllum til trúandi, þetta þurfti að vera svo

samviskusamlega gert, að ekki stafaði eldhætta af og lifandi þurfti glóðin að vera að morgni, því að lítið var um eldspítur fram að 1874 - 76, og man eg að á þeim árum kom fyrir að sóttur var eldur frá næsta bæ, og bótti mér einkennilegur flutningur. Eftir að eldspítur urðu auðfengnari man eg að það kom fyrir, að til þeirra var tekið til að kveikja upp í hlóðum, en sjaldan var að þess þurfti með.

Eldhúskonan hafði líka á hendi að hafa lýsislampana í lagi með feiti og fífukveik, og var sjálfsagt að kveikja á skarinu í eldinum. Ef logi var lítill, þurfti að blása = púa í eldköggul þar til logi kom, og þá auðkveikt.

Skiljum nú við eldhúskonuna í bili og gætum þess að um sama leiti og hún fór á fætur, fór líka fjósakonan til að annast um fjósaverkin. Hennar versta verk var vatnsburðurinn, að sjálf-sögðu 2- 3 fötur í mál handa hverri kú. Einkum drukku eldri kýr mikið, þó helst ef vatnið var innistaðið frá kveldi til morguns, eða frá morgni til kvelds. Brunnvegur eða vatnsvegur var víða langur, 10- 20- 50 og til var fram að þessum tíma 82 faðma vatnsvegur, auk þess víða mjög bratt að vatnsbóli og sleipt, og því illt aðstöðu í illviðratíð.

Brunnar eru óvíða djúpir á suðurl. láglandi. Brunnpóstar varla þekktir, vatnið dregið upp með bandi eða keðju, mjög óvíða undið með vindu fram að 1880. Sumstaðar, þar sem brunnar voru ekki dýpri en 3- 4 al., var haft skaft eða stöng svo löng að niður náði í vatnið, og mátti því betur- með skaftinu- sökkva þontunni í vatnið. En þessi vætutæki voru víst þau erfiðustu og illa við unglinga eða amlóða hæfi. Vatnsfötur voru tíðast bornar í grind þar sem vatnsvegur var langur. Þetta létti vatnsburðinn að miklum mun og einkum að minna hellvist utan í vatnsberann. er rauk vatn úr fötum. er illviðri voru.

Fjósakonnan kom jafnan litlu fyrr í baðstofu á kveldin en eldakonan. Aðrir, svo sem gegningamenn og fjármaður, fóru á fætur um og eftir morgunkaffi. Þeir höfðu sinna verka að gæta, en bó nokkuð ójafnara en eldhús- og fjósakonur, og fór það mest eftir tíðarfarinu. Í illviðratíð var þeirra aðstaða oft erfið.

Þar sem vefstólar voru fór aðsókn með vefnað aðallega að berast eftir nýár, því það tók langan tíma framan af vetri að vinna til vefja. Þó breyttist þetta mjög eftir 1881- 82. Það var um það leiti sem vefjagarn eða tvistgarn fór fyrst að flytjast. Það var strax mikið keypt og notað, en skjólminni þóttu þau fót úr garnvoðum.

Þegar vefnaður var komin í gang, fór vefarinn lang fyrstur á fætur og sló vefinn, bó aðrir svæfu, og vandist fólk víst við það, eða ekki minnst eg þess að fólk, er svaf í sama húsi, kvartaði um ónæði, enda kvartaði fólk, held eg, síður þá en nú. Þetta kom líka upp í vana, bó misjafnt þætti.

Duglegir vefarar vófu 12-15 álnir á dag ef garn var uppistaðan og fyrirvafið meðalgilt ullarband. Sumir jafnvel allt að 20 álnir (að sagt var). Af bráðar-uppistöðu vófu þeir varla svo mikið, þó efnið væri grófara, þá gildi meir erfiðið og illt að halda út allan daginn af kappi við svo jafna og erfiða aflraun.

Vefaraiðjan virtist leika í höndum góðs vefara, en lýjandi bótti það starf. ár eftir ár, - og vinnutími vefara var oft frá kl 4- 5 að morgni til vökuloka = kl. 10 að kveldi. Þetta stafaði mest af því að voðarefni varð víða síðbúið, en flest af vanalegum voðum burfti að verá tilbúnar í tæka tíð fyrir vertíð, til fata handa sjómönnum og það þær erfiðustu, til utanyfirfata.

Aðal innivinnan var - frá morgni til kveld - að vetrinum ullarvinnan. Konur spunnu, tóku ofan af og kemdu. Eldhús og fjósa- konur settust strax við rokkinn er þær komu inn. Karlmenn kemdu

oft á kveldin, ef þeir voru vandvirkir, eða unnu að veiðafæra-
útbúnaði. Smíðuðu ef hagir voru. Var það helst viðgerð heymeisa
(heylaupa). Því þeir brotnuðu alloft er ill tíð var.

Um fatnað þarf ekki að fjölyrða. Margir hafa lýst því áður,
en þó má geta sérstaklega tveggja verka er erfið voru fyrir kven-
fólkið á þeim árum. Eg á þar við þjónustu þeirra er úti-verk
stunduðu, og svo þvottarnir.

Það var oft erfitt, og ekki hreinlegt verk, að taka rennblauta
gat-slitna leðurskó og skóbæta þá, þ.e. sauma innan í þá batur
svo þeir væri tilbúnir að morgni. Þetta þótti eft versta og
erfiðasta verkið, nálar oft miður góðar og saumgarn misjafnt að
boli og gæðum. Svo var og að þurrka sokkana og lenti það oftast
á eldakonunni. Eini eld- og hitagjafinn voru hlóðin = þurrkæð
á hlóðasteinunum, ofan á katlinum. Sokkarnir þurftu að þorna, en
sízt máttu þeir brenna, en við því var hætt, ef þeir höfðu verið
lagðir á of heita steina, eða of nærri glóð. Eg held að það
megi kalla snilldar vinnubrögð hvað þeim vannst þetta verk vel
og slysaust, tíðast.

Þvottadagar voru tíðast erfiðir. Þá var lítið um sápur og
ekkert af öðru útlendu sápu efni. En erfitt var oft í vetrarharð-
indum að fara í dælina, þ.e. fara í kalda vatnið, í hvaða roki
og gaddi sem var, svo að vart hélst þvottavökin opin stundu
lengur, ef hlé varð á þvottinum og oft slæm aðstaða við slíkar
vakir, sem höggna höfðu verið - oft í 12- 18 þuml. þykkan ís.

Og ekki voru þvotta húsin, ekki heldur þurrkhúsin er heim
kom. Hengja varð þvottana út á stag í hvaða frosti sem var. Þá
þótti hálfur sigur unnin ef lúfrost var komið í þvottinn.

Menn gætu nú búist við því að hreinlæti hafi verið af skorn-
um skammti með slíkri aðstöðu til þvotta á móti því sem aðstaða
er nú, en furðu skjaldan sást Brattfugl á mönnum á mannamótum,
sem slíkt er þó ekki óhugsandi nú á tímum.

Dagarnir ganga hver öðrum líkir, - að undanteknum veðrabrygðunum- verkin eru næstum þau sömu = að vinna daglegu þarfirnar.

Þegar kom fram á einmánuð, var stunguð út úr fjárhúsunum, fyrst þeim er skánin var orðin mest. Skánin var stungin með vel beittri skóflu, Þó með Pál.áður en þær handhægu hölduskóflur komu. Skánin var stungin Pál-torfu þykk þ.e.skóflu blaðið á enda , ca 1 fet á hvern veg. Henni var hlaðið í skánarköst úti fyrir fjárhúsunum, oftast haft lag undir af grjóti, skán var þá hlaðið í köstinn, lágréttri í lögun og haft ca þverfets bili á milli svo þær bundu hver aðra, er bilið var undir miðri þeirri er næst er lögð ofan á, líkt og þegar múrsteini er hlaðið, en bilið var bæði hentugt til þess að þetra var að losa skánarkekkinu upp, er þeir að vori voru breiddir til þerris og líka til þess að það gæti blásið í gegnum köstinn, við það þornaði skánin mikið.

Auðvitað gaddaði kösturinn í gegn, ef útmánaðarkuldar voru, enda ekki breidd út að vori fyrr en allt frost var gegn þýtt. Skánarköstur var vanalega 4- 5 stykkja breidd á þykkt og ætlast til að hann yrði ca 3- 4 fet á hæð. Lengdin var áætluð allt efti því hve mikil var skánin, er út var stungin, og sett í einn köst, = úr 1 eða 2 húsum ef þau stóðu saman eða mjög nálægt hvert öðru

Þegar klaki var að mestu þiðnaður úr jörð, og þá skánarkestir gegn þíðir, var skánin borin út. Klofin í 3- 4 skífur hver kökku og breidd til þerris út um tún, helst á þúfur. Ef votviðri var þurfti að hreyfa hana til, eftir viku tíma eða svo, því þá var grasið- nýgræðingurinn farin að gulna. Ef liturinn var orðinn all skýr. Þá mátti ekki lengur dragast að hreyfa hana úr stað, því þá var að því komið að færi að brenna undir henni, þ.e. þá varð flag eða rota komin í farið og spratt ekki það árið og jafn vel ekki það næsta ár.

Skán var talinn allra sterkasti áburður og var viss kafaloðinn græni toppurinn, þar sem skánarplatan hafði legið fáa daga ef votviðri var. Þegar skánin fór að harðna svo, að þessar skánarbynnur voru orðnar svo burrar að þær þoldu að standa á rönd, þá var skáninni lyft, þ.e. 2 og 2 reistar og látnar hallast hvor að annari, líkt og húsbak. Þetta kölluðu sumir að þekja skáninni. Úr þessu þornaði hún mjög fljótt ef blástur var, hvað þá ef hittist á þerri. Svo nú mátti fara að hreykja henni, þ.e. bera hana og hlaða henni á alveg sama hátt og gert var við uppstunguna, nema, að nú voru götin höfð stærri, svo því betur blési í skánina.

Stundum var og látinn í hraukinn viðarlurkar, spítur og fiskhryggir, allt til þess að blési betur í gegnum hraukinn, sem nú var mædur, þ.e. byggður hæstur í miðju að endilöngu, eins og lágreist hús. Nú var sjálfsagt að tyrfa skánina, og hún var talin bezt og hreinlegasti eldiviður sem til var. Þó varla jafn hita-sterk eins og vel rignt álabang, sem síðar verður vikið að.

Um þetta leiti er farið að taka mó, því jörð er svo mikið
biðnuð. Ekki þarf að lýsa þeirri aðferð, mun hjá flestum vera
lík. Þó má geta þess, að því fyrr þornaði mór sem hann hafði
staðið lengur inni, þ.e. búinn að standa lengur í hrauknum,
áður en hann var borinn út. Og beztur varð mór sem ekki var
þurrkaður né tekinn úr hrauk fyrr en á næsta ári, því að þá var
hann svo vel þjappaður saman og því fastari, þornaði líka fyrr.
En slíka móhrauka þurfti líka að tyrfa vel yfir veturinn, helst
að sítyrfa hraukinn, þ.e. tyrfa allt í kring og allstaðar niður
að jörð. Í óberitíð þótti stríðsamt að þurrka mó, í rosatíð
vildi hann hrekjast, þ.e. ef miklar rigningar gerði, var því
lélegri eldiviður og ódrjúgur. Mór þótti óhreinlegur eldiviður
og hitalítill.

Á vorin var farið í sölvafjörur, helst í hvern straum, þ.e. stór straum. Þegar komið var fram í júní. Þá gátu söl verið svo vaxin. að sölvatækt væri orðið. En það var því aðeins á þeim tíma, að ekki hafi verið miklir þurrkar og sólskin í straumana á undan. Því það var víst ef þerri og sólskin var um fjöru-tíma. svo að til sölvanna næði, bá dró það mjög úr vexti, svo stundum, að sölvalaust mátti heita. Vætusöm vor var aldrei sölva þurrð. Polla söl vaxa nær landi í grunnum lónum, eru sterkgul og smærri en brún söl, sem vaxa á útskerjum, fjær landi. Þau eru lifrar brún, þykk, og blöðin geta orðið nær fet á lengd og breiddin nær 1/2 fet. Þau þurfa ekki meiri þurk en þau smærri polla sölin, en þola miklu ver að lenda í óþerritíð, þá hættir þeim við að slepja og fína, úr því viku óþurkkur er. Í slíkri tíð var helsta ráðið að setja þau í smá hrúgur og bylta þeim daglega. Í sömleigum sólskins og þerri degi, þorna söl á 6- 8 kl. tímum. þ.e. ef þau eru vel breidd. Illu breidd söl þorna jafnvel ekki á 2 góðum þerri dögum, Vandinn er þessi (eins og gömlu konurnar höfðu það) taka dálítíð og halda því í vinstri handarkrika sér, taka svo úr með hægri hendi og slöngva viskunní svo á ská flatt á jörðina, og hún um leið greiddist út sem flötust en hvergi í bunka. Til þessa þurfti dálítíð lag og æfingu, sem kom mjög upp í leikni, svo mjög fljótt gekk að breiða söl. Annar var líka vandinn að breiða svo að blöðin næðu ofurlítíð saman, á alla vegi milli viskanna, blaða endarnir límdust svo saman við þurkinn. Mátti bá að kveldi eftir góðan þurkk, rúlla allri breiðunni saman, eins og dúkur væri. Það var því ekki vandalaust verk fyrir viðvaninga að breiða söl til þerris.

Áður fyrr voru söl ein af lífnauðsynjum manna, því þá voru þau mikið notuð til manneldis. Þá áttu heimabændurnir ráð á nær allri fjöru, svo að viss- og beztu sölvatekju sker fylgdu heima jörð, og leyfði sér víst enginn að ásælast þann rétt, því auk þess höfðu þeir í þá tíð, að sögn, kallað kotafólkið til sölva tekju í þá og bá fjöruna, og tilnefnt því staðina er það nú skyldi taka sölin. Þó var undanskilin þöngla fjara sem hver mátti nota sem vildi. en til þess þarf bát, stjórafari og helst 2- 3 menn.

Þönglafjara er þannig:

Í mestum hluta fjörunnar á milli Þjórsár og Ölfusár, er mjög jafnlent láglandi. víðast innan frá miðjum fjörum og alstaðar alveg fram í brimgarð. Að vísu eru stór og há sker og tangar innan um. og sumstaðar í þessu láglandi eru all stórir blettir sem er gróðurlaus sandbotn, ljósgulur sandur. Allt hitt er albakið mjög stórvöxnum þara skógi. Dýpið á þessu láglandis svæði er mjög jafnt, 6- 8- 10 fet um stórstraumsfjöru. Þá sýnist þetta úr landi að sjá, næstum þurrt land, aðeins smá lón, þar sem sandbotn er. Hitt allt eru þaraeyru sem ná upp úr sjó um fjörur, en aðalblöðin leggjast því meir niður með stönglinum sem fjara verður meiri. Mest af þessum þara er alveg horfið í sjó á smástraums fjörubræði (þá 12-14 feta dýpi).

Mikið af þessum þaraleggjum er albakið brún sölvum og þeim af stærstu og hreinustu tegund, allt neðan frá rótum og upp undir sjálf þarablöðin. Sumstaðar eru stórir flákar, sem meðal túnstærðir, albakið þessum sölva þara og er þar af nógu að taka.

Menn fara á bát, stjóra sig niður í þarann, og gefa út marga faðma af stjórafærinu, út í rönd á þarakerfi, vind megin er

stjórinn settur út. Ber þá bátinn yfir þarann = nú hafa 1 eða 2 menn orf eða sköft með stuttum ljá, eða þar til gerðum bognum hníf. Með þessu verkfæri er svo böngullinn skorinn, og sem neðst. Einn maður nær í hvern böngul og rúir böngulinn, þ.e. tekur af honum sölin og kastar honum svo útbyrðis aftur. Þannig er skorið: fært sig áfram á stjóraferinu til enda, að því búnu er farið í aðra feru. og koll af kolli. ávalt til hliðar og byrjað áveðurs í hvert sinn. Þessi fjöruferð er uppgripa mikil fyrir vana menn, og sölin góð. en velja þarf gott veður og mikla fjöru, því fljótt fer að falla að á láglandi fjörunnar.

Þegar fyrsta umferðin var skorin, var skorið það sem til náðist til beggja handa, og fram undir stefni bátsins, og þannig dregið sig áfram. sem kallað var. Þá þótti koma fyrir að þeir sem skáru framundan, voru svo klaufyrkir að þeir skáru á stjóraferið, og var það sízt til flýttis. Þegar fyrsta umferð var klár, varúið að skera geilina. Var þá hægra um vik! fara eftir geilinni með bátinn og skera aðeins til annarar hliðar. Ekki var hætt við að bátinn ræki frá. því auðvitað hélst báturinn að er skorið var að sér (gagnstætt að skera frá sér).

Tíðast voru söl tekin á þurru og í grunnum pollum og verið á bát út um útsker. Þeir minni máttar urðu að láta sér nægja að fara gangandi út á innri sker og bera sölin í pokum. Það var erfitt og tafsamt, ef langt var í land.

Oft voru hafðir hestar með reiðing og kláfum. Voru þeir hleyptir, þ.e. lokið losað úr lokunni að neðan og sett band í, í stað loku og fest upp í kláfinn. Svo langt var hleypt niður, að sölin fóru þó ekki niður úr. Á þenna hátt rúmaðist nær 1/3 meira í hverjum kláf.

Furða var hve vanir hestar gátu gengið vandan veg í fjörunum, Ýmist á skáhöllum klöppum og í lausa grjóti, allt auðvitað kaf-

loðið af þangi. með svo bunga byrði sem hleypta sölvakláfa og máske poka bundinn ofanímilli. Skrikaði þeim aldrei fótur, en um var að gera að lofa þeim að ráða ferðinni og svo hægt, þar sem verst var, sem þeim líkaði. Furða hvað þeir gátu tyllt fæti á smáu.

Þess þarf ekki að geta hér að söl voru verzlunar-vara manna á milli, aðrir hafa og víða skrifað um það. Hér skal þess aðeins getið, að stundum keypti fólk sér fjörufar ef lítið var um sölvavöxt. Fjörufar kostaði 1 fiskvirði fyrir hvern mann, um hverja fjöru, t.d. 3 fiskvirði fyrir 3 menn. Oft var frá okkar heimili keypt fjörufar, ýmist í Gamla-Stóra eða Litlahrauns fjörum, þar var sölvatekja meiri og hótti borga sig bó vegur væri lengri.

Eg get þess hér að móðir mín var ein þeirra kvenna, sem var mjög dugleg til sölva, og lét ekki fjörur ónotaðar ef þerritíð var, og þá stundum þó langt væri, og kalt í veðri og stormur. Slík ferðalög og dagnaður í þá daga!

Þ a n g f j ö r u r

Aðal eldiviður var bang í sjávarborpum. Þangfjörur voru verst slark vinna. fyrst er eg man.

1. aðferð: 1 maður á 4, - 2 menn á 6 mannafari, fara þangað sem bang er loðið - álabang helst. Það getur orðið 4- 5 fet á lengd og afar þétt. Er því mjög fljót tekið, en erfitt verk að rífa það. Það er svo sterkt til að slíta og auk þess bítur illa á það. Þeir losa mikið bang. Svo er að bera á, allt borið í fangi sér og vaðið út að bátnum, sem er all djúpt, þegar nær hleðslu dregu en báturinn má alls ekki taka niðri á grjótum. Bátur er troðfyllur stafna á milli, nema aðeins róðrarúmið er altómt, (líka til þess að ausið verði ef með þarf). Auk þess er hlaðið svo miklu ofaná sem tollir. á báðum endum. Að hleðslu aflokinni er fjöru bátsmaður, ef 6 mannafar er. votur upp í mitti eða lengra, og upp að hálsi að framan, eftir þangföngin.

Þá er að bíða eftir að fljóti innúr. Það tekur 1 1/2 - 2 1/2 tíma ef ósagrynni er og straumar. Því nú er sá bátur, með slíkri hleðslu og yfirhleðslu í stór hættu ef hann snertir botn þar sem nokkur straumur er. Þangbunkarnir að aftan og framan, taka manni sem stendur, upp í öxl, og nær svo fast að róðrarúmi að vart er hægt að róa. Þannig bunkahlaðinn bátur er hlaðinn að lista, másk hálfborð fyrir. Það var talið mjög sjálfsagt að koma með bátinn vel hlaðinn.

Eftir því sem flaut. - hækkaði í, var fært sig inneftir, milli skerja, því ekki var alltaf vel vært framfrá ef hreyfing

var í sjó, og mikið féll að. Því varð að fylgja sjó til lands. Þegar til lands er komið með hlaðið 6 mannafer, er víst hálf-fallið að. Báturinn bundinn á floti, til flóðs. Þá er versta verkið næst. binda bátinn flatt við sand, vaða út að honum og bera allt uppúr bátnum í fangi sér og setja það í bing fyrir ofan flæðamál. vaðið djúpt. Því ekki mátti falla undan bátnum, jafnvel þó á sandi væri. Fullhlaðinn byrðingabátur þolir illa að standa á þurru. sízt ef nokkur hreyfing eða bára er. Þá er að setja bátinn. jafnvel þó fara skuli í slíka fjöruferð næsta dag.

Nú mátti atla að fjörumanni væri þörf á að fara úr votu. en slíkt fór eftir atvikum. Fyrir kom það að nú þurftu menn að róa til fiskja. Sú ferð tekur 3- 4 tíma, því stutt var róið. Sjaldan voru menn baslaðir (þ.e. skinnklæddir) við þessa vinnu. Að vera í brók, var til þess að verða brókarfullur bæði vegna brókarleka og oft rann ofaní, er svo djúpt var vaðið að fór uppfyrir.

Sé öruggur álandsvindur fyrir sjáanlegur á næsta útfalli, þá má setja hangið út, og fellur bá undan því, en þá verður að bera það upp fyrir næsta aðfall, en því verður sjaldan viðkomið.

2. aðferð. að rífa undir vind.

Þegar svo stöðug var hafátt að öruggt þótti að - hann gengi ekki til, (gengi ekki af áttinni) né lygndi, þá fór oft margt fólk- frá fleiri heimilum- í félagi, og reif undir vind. Var þá farið í hagstæða staði, þaðan sem atla mátti að ræki frá á hentugan stað. Var þá valinn góður hangstaður, oft framarlega í fjöru, og það voru býsna mikil fílgja, sem fólkið reif, um langa fjöru. Stundum rak mjög vel, ef vindur hafði reynst tryggur. Fyrir kom það að lygndi á aðfallinu, eða lygndi alveg. Kom þá lítið eða ekkert hang í land. en var að flækjast um fjörunnar,

og rak þá stundum á annarra reka, stundum 2. eða 3. fjöru. Oftast gekk það hljóðalítið að taka þangið þar, ef þá þótti vert að taka það vegna vegalengdar. Oft voru 2 eða fleiri hópar að rífa undir vind nálægt hvað öðru um sömu fjöru og ekki með verulega löngu millibili. Stundum gekk þetta vel, en oft rak saman, varð þá oft hæpið með samkomulag, og oft svo mikið verulegt ósamkomulag varð, stundum fullur fjandskapur, einkum ef nágranna kriter var til undirniðri. (Heyrði eg talað um að út af þangfjöru brætu á Hraunsfjöru, að kammerráð P.G. á Litlahrauni, hafi úrskurðað, að enginn gæti helgað sér eignarrétt á því þangi sem ekki ræki í land á næsta flæði eftir að rífið var).

Þegar vel rak, vann fólkið sem saman var að rífa, að vinnu við að þjarga því undan sjó, og skipti því milli heimila og eftir fólkstölu þeirri er undir vind reif. Þegar saman rak, hjá fleirum hópum, varð oft samkomulag um að vinna nú að öllu í félagi, eða að skipta reka hrönn í faðmatali í rekalengd og hlut-takenda er rífið höfðu. Það væri synd að segja að slíkt hafi gengið hljóða eða orðalaust af. Stundum fór allt vel og orðalítið.

3. aðferð:

Þang rífið á næstu skerjum við land og reitt á hestum. Furðu slarklítil vinna er seinleg, en öruggur fengur. Var þá reitt alls leið upp í bakka til þerris. Byrja mátti þessa fjöruferð strax á hálfútföllnu. Er fyrst náð út í innsta þang, og til sömu flóð-hæðar á mesta aðfalli. Á hestum var þangið reitt í hleyotum kláfum.

Þang sem í öðrum fjörum var sett upp fyrir flæðarmál var borið upp á börum, upp á bakka og breitt þar til þerris. Fyrri part sumars mátti breiða þang á miðjan sand í von um að flóð af brim-

ofsa næði því ekki. - Þó kom fyrir að þurfti að færa uop þang, að hausti og vetri var aldrei eigandi á hattu að eiga þang fyrir neðan bakka.

Þang er breitt þunnt og glömpu lítið, að því búnu ríður á að það rigni vel. Álabang barf 3ja daga regn. Þolir langan rosa, fer þó að blikna þ.e. þangklær verða rauðleitar, og er þá farið að tapa krafti til eldiviðar. Blöðru- og bólubang þolir minni rosa en Álabang, enda aldrei eins hita mikið. Órígt þang þornar aldrei vel og er ekki nothafur eldiviður vegna seltu. Best er að þang rigni nokkra daga. Komi þá þerri og þorni þang vel, er það hita mesti eldiviður og hreinlegt til meðhöndlunar og það besta að það er ekki hættulega eldfimt.

ATH. við 2. aðferð. = Viðauki:

Þegar rifátt hótti ekki trygg, eða ef brim var og því strauma-köst er í hækkaði. tóku sumir það einfalda en ótrygga ráð að skilja eftir 1- 2- 3 spítur (rekholt) í breiðunni þar sem rifna þangið lá. Þar hlutu að reka og að líkindum lenda þar sem þangið lenti við land. Þetta reyndist ekki öruggt af því að þar flutu betur, urðu að mun fljóttari í land, auk þess sem þangið, sem allt er kafið í sjó, aðeins flýtur, flæktist fremur með straum og rak hegar undan vindi. Svo kom síðast að einhver réðst til að binda heldur smærri spítur, 6 við hvert þang knippi sem örugglega fylgdu öðru lausu þangi. Þetta gafst mjög vel. slík smá þang knippi, með smá spítu 6 sett í enda þangteigs og 1- 2 í teig miðjan, sagði mjög vel til hve dreift þangið rak. Eg get ámtlað að hleðsla 6 mannafars af vel rigndu og þurru þangi hafi hitagildi við 1- 1 1/2 tonn af ofnkolum.

Nýlega. í des. 1936, var mér sagt að nú væri þangtekja að mestu lögð niður eystra. og þykir mér furða. Sér ekki á atvinnuleysi þar.

Loks má nefna Reka bang.

Hver jörð við sjó, Einnig Syðra- og Efrasel í St.hr. átti bang reka vík, og eiga enn í dag. Allt bang er rak á vík var einungis eign beirrar jarðar. Loks var almennigur, sem allir máttu taka reka bang.

Reka bang var léttvægt. hitalítið rusl oftast, nema ef fjörur höfðu mjög frosið, og ís brotnað upp í brimi, þá kom sumstaðar ógn mikið og gott bang á suma vík.

Svo vel var bang notað, einkum af eldri mönnum, að þeir áttu alltaf laust bang til að þurrka, líka á vetrum. Þá sett í hrúgur upp á bakka, barið upp úr gaddi er þerri kom, snúið við og lúðar - barðar sundur, og þurrkaðar á görðum. Fékkst mörg og góð bangklóin bannig í vetrarharðindum, sem jafnast myndi við 50-100 pd. af kolum úr verzlun, og án peningagreiðslu fyrr en seinna.

Við sjóinn þekktist. held eg ekki, eldiviðarleysi. Sum heimili áttu allaf nægta byrgðir ár frá ári. Þurra þangið var sett í hús, en það var minnst, aðallega í bangköstum, alveg eins og þurrt hey og tyrft yfir. Köstur var látinn standa í halla, svo renni frá, og grjótlag var kastar staðið. Oft voru sígnir þangkestir 3-3 1/2 al. á hæð (oftast 2 1/2 - 3 al.), faðmur á þykkt og 4- 6 faðma langir. Slík kastarstaði munu vera sjáanleg enn. Mjög erfitt var oft að losa bang úr gömlum köstum. Bótin að það var þó að gagni sem náðist.

Ef þangkestir voru illa tyrfdir, vildu þeir drepa í óveðratíð, líkt og hey á haustin ef vætutíð er mikil, en furða hvað lítíð sá á móti því ef hey væri.

Sumir bæir höfðu 2 þangkesti! stóra og litla köst.

4. og bezta aðferðin til að afla bangs, var að rífa í net. Sú aðferð kom nýlega. (mig minnir að Ásgeir Jónasson í Ásgarði á Stokkseyri, síðast kafari bar fyrir fáum árum, dó miðaldra).

Nú þarf bát og hrocnkelsa eða rauðmaganet. Netið er breitt flatt í lögð á skeri eða utaní sker og nærri sjó, þangið rífið, borið á netið, - bunki að endilöngu. Síðan eru hliðarnar dregnar saman yfir netið. svo líkast verður vindil, vel fullt net verður 1 - 1 1/2 faðmur ummáls og lengdin eins og net er langt. Með afalli flýtur flotinn upp. sett er taug í annan enda og svo róið á eftir bátnum. Þungur dráttur og gengur hægt, nema þar sem hægt er að komast í straum innúr ósum, er flotinn þá algerlega á valdi straums. Þegar komið er til lands er flotinn bundinn, um flóð er hann halaður - dreginn fast að landi- og látið falla undan flotinum. Með þessari aðferð þarf varla að vata fót, ekkert að bera á bát né úr bát. flotinn við land má bíða svo lengi sem vill að borinn sé upp, og að því má ganga þurrum fótum hvenær sem ekki er hátt í

Ekki sakar hó floti taki niðri á leið til lands, aðeins töf, meðan hækkar betur í. Það eitt að varast, að straumur sem stefnir af leið, taki flotann. Móti straum er engra meðfæri að ráða við slíkan bunka í sjó, sem getur, ef net er stórt, verið 2 bátsfarmar.

N.B.

Vel þurrt þang var lítt mögulegt að meðhöndla vettlingalaus, svo hart er það úr breiðunni. Er bundið í sátur (ekki þarf að saxa það í fang með krífu), var reitt heim sem hey, ef mikil breiða var hirt. Stakar byrðar bornar í fatli, ef vegalengd var nokkur. Að bera sátu í fatli er mesti hæðarauki sem eg þekki, á móti því að bera öðruvísi.

Flautt þang var tíðast borið frá sjó á börum, það voru líka helstu flutningatækin á landi, og hjólsléðar, hjólbörur sem hér eru svo nefndar.

K j a r n i

Hann var mjög lítið notaður, aðeins sóttur fram á utustu brim sker á vorin er heyleysi varð tilfinnanlegt. Var þá gefin kúm, en var efitt að koma þeim á að éta hann, því þær höfðu ekki vanist honum ungar. - en flest skal í neyð nota.

Kjarni vex á allra fremstu brim skerjum, jafnvel framaní þeim þar sem slétt er berg niður í 8- 10 fæðma dýpi. Að vísu slitnar hann þar burt á vetrum er stórbrimin eru, en vex mjög ört er kemur fram á sumar. Einnig er mjög mikið af kjarna innan við og í kringum utustu sker, þó ekki þar sem djúpt er. Svo mikið er af kjarna víða að 1 maður getur hæglega hlaðið 4 mannafar á 1 kl. tíma eða minni tíma, enda eru blöðin löng, 10-12 metrar sum blöðin en mjó eru þau og afar seig að slíta.

Talið er að kjarni sé mesta kjarna fóður en berrirammur er hann. Eflaust mætti hafa hans mikil not, og uppgripa afli væri hann þeim er vildu nota hann.

Fiskiróðrar voru stundaðir daglega þegar á sjó gaf, líka á sumrum, en þá aðeins af fáum bátum, og svo af kappi haust og vor, af innanhéraðsmönnum. Flestir bátar voru 6 rónir og færri 4 rónir (þ.e. 3 árar og 2 árar á borð). Nóg þótti skipshöfn að hafa undir árarinnar og svo 1 yfirskip - formann við stýrið. Hver maður hafði 200 lóð, þ.e. 2. línu lengd, - lína 60 faðmar. 7 kvaril voru á milli tauma. Sjömannabátur hafði því 1400 af lóð. Hver háseti beitti sína lóð og ef hún tapaðist t.d. í hrauni, þá var tapið hans. Skipt var jafnt á milli manna og auk þess 1 bátshlutur. - 7 manna bátur, skipt í 8 staði. Oft voru þó fleiri - 1 eða 2 menn ráðnir umfram og var þeirra lóð auðvitað alltaf með. Slíkir skiptust á að róa og menn gátu orðið forfallaðir. Sá er í landi var fékk því auðvitað fullan hlut, enda vann sá ótrauðlega í barfir féлага sinna í landi meðan róíð var, að afla beitu, koma undan fiski ef mikið aflaðist o.s.fr. Til beitu var helst fjörumaður og skel (aða)

Skel var tekin í stórstraumsfjörum á sumrum og lögð niður þ.e. látin í lón, inn við land, svo hátt að næðist til hennar, þó ekki væri mikið fallið út, ekki mátti láta hana á sand en á grjót eða klöpp, og þó á það djúpu að flyti yfir hana, Best var að hún væri í straum rásu, þar sem rann um aðfall og útfall. Ekki mátti hún vera í innipollum sem hitnað gátu af sól á sumrum, þá var hún strax dauð. Í góðri niðurlegu lifði skel mánuðum og árum saman, þó mátti frost ekki ná til hennar. Skelin fitnaði fyrst í stað við geimsluna varð betri beita.

Fjörumaðurkur var oft erfiður að afla, Að grafa maðk var flestum ofraun til lengdar, og galli var það við maðk, að ekki var unt að gevma hann lengi, ef frá-tök gerði, þ.e. ekki varð sjóveður langan tíma, Kom þó fyrir að þá áttu sumir mikinn maðk. Bezt geymdist hann á útihúsgólfi, þ.e. í svölum skugga og með því að hafa mómylsnu undir honum, þá gat hann lifað allt að viku. Í bröngu íláti eða í vætu boldi hann mest 2- 3 daga.

Þegar veður breyttist til batnaðar, svo að út leit fyrir að sjóveður gæti orðið næsta eða annan dag, var sjálfsagt að fara í maðkasand. Oft fór þó svo að ekki kom sjóveðrið, og varð því sú fyrirhöfn til einskis.

Ekki óvanalegt það fyrir sjómenn

Formaður fékk 1/2 hlut í formannskaup, það var tekið af báts hlut, og bótti sumum órétt, því bátur með árum og seglum, átti eins skilið fullan hlut eins og maður með smá - oft og tíðum-verðlitla lóð.

Skeljatekjan: (skeljafjara).

Var oft erfið. Vosbúið mikil, ef kalt var í veðri, var það versta vinna. Því lítt þótti að gagni ef ekki var kafað þ.e. skelin tekin á 2- 3 feta dýpi, þ.e. maður stóð í sjó í klof og var þá stundum nær í mitti. Svo var að ná niður með hendinni, flaut þá upp á háls- þeim megin- upp að eyra, svo að ekki var upp úr nema höfuð, öxl og niður á síðu. Þessi aðstaða við þessa vinnu mun bykja mörgum næsta ótrúleg, en sönn er hún samt, - margir núlifandi menn til frásagnar um þetta.

Í slíkt slark voru menn að sjálfsögðu al skinnklæddir þ.e. í brók og skinnstakk. Þó ekki stíð skinnklæddir, ef gott var veður að hásumri. Auðvitað var ekki hægt að gyrða sig svo fast - sízt um háls - að ekki rinni ofaní, enda ekkert við því að segja, en vegna skinnklæðanna var sjórinn innan sjóklæða, ekki eins kaldur og ella hefði verið, og nóg skulfu menn samt, ef stormur var og kalt í veðri. Öðuskel er æði föst í botni og var það til erfiðis - og um leið til hita auka, að kroppa hana upp úr klöppunum, það var ekki nema á vel hraustra manna færi að kafa í skeljafjöru. Þá þótti vel fundið, ef fannst byrði manns í einni fjöru, þ.e. ca 100 pd. Þá var að bera aflann heim, oft 1/2- 3/4 tíma gang, og var þá óþarfi að kvarta um kuldann.

Þegar loks var komist á stað, fyrst í stað langar þangvaxnar fjörur upp að ganga. Því öðuskel er aðeins að finna fremst - utast- í fjöru þar sem brim veður yfir. Þeir sem ekki voru vanir að kafa, leituðu á grunnu ca 1- 1 1/2 fet, jafnvel á burrum skerjum þá í smá pollum og skorum, en á slíkum stöðum voru

aldrei nein uppgríp. Stundum fóru menn á bát, komust þá út á ótínd sker og varð betur til aflafanga.

Skel náðist aðeins um stórstraumsfjörur, og því betur sem gínfjörur voru (sbr. Höfuðdags og Góu-ginur).

Að líkindum er mikil skel utan brimgarðs á hraununum á ca 10- 15 faðm. dýpi, því dæmi voru til að skel kom upp á öngli ef lögð var lóð á hraun, það voru stórar öðuskeljar sem bannig drógust upp úr úthafinu.

Þá er að koma að efninu sem hætt var við, þ.e. að setja vinnu störfmannaheimilisins, á stað.

Það var komið að vertíð. Allir karlmenn sem eru vinnufarir, jafnvel 14- 15 ára unglingar voru sem hálfdrættingar, meðan handfari voru notuð, þ.e. hálfdrættingurinn átti helming af því sem hann dró, stundum drógu slíkir svo mikið að þeir drógu sér hlut eða meira en mannshlut. Síðar var (er lóðirnar voru teknar upp). unglingarnir á þeim aldri hálfhlutungar, þ.e. báru hálfan hlut frá borði. Þeir stunduðu beitingu lóðar. Um og fyrir aldamót voru sunnanlands þ.e. Árnessýslu - sem hér segir:

Skipin voru 8 rúma (frbr. áttróin). Ráðnir hásetar 12- 14 menn og svo 1- 2 drengir til beitinga (1/2 hlutar). Vanalega reru 9-10 menn á skipi, síðar 11-12 menn eftir að settur var skutróður í skipin (=10 árar á skipið), en hann þótti nauðsynlegur til að auka gang, og þótti sízt vanþörf, eins og sjósókn í brimum og þá ekki sízt í stormatíð og frosta, því fyrir kom það að róa varð á allar árar. til að ná inn lóðinni, þ.e. draga lóð á hnífli, og var það seinasta úrræði til að ná lóðinni úr sjó.

Um tímabilið 1880- ca 1887, var lóðin 4- 5 laupar, þ.e. 12- 15 hundr.= 300 í laup, = 3 línulengdir á 60 faðma 7 kvartil þ.e. 1 al. og 3/4 á milli tauma. Síðar er skutróðri var bætt við, og hlutir því fjölguðu. var bætt 1- 2 laupum við, = 1800- 2100 lóðar. 1 róður. þ.e. 1 kast. er lóðin lögð, látið liggja í 20- 30 mínútur, lóðin tekin (við það starf hjálpuðust oftast 2 menn svo vel gengi). Róið í land, lóðir sóttar og róið strax út aftur ef tími er til og fiskirí nokkuð. Tími í róður var 3- 4

tímar, mátti því róa 4 róðra á dag. kom fyrir 5 róðra, og vor vinna þó - er framá er komið, róíð er kl. 3 eða 2 að morgni og unnið til 10- 11 að kveldi. Lóðirnar voru þá ávalt til beittar í landi. Þ.e. hafðar tvönnar lóðir. Við þetta var óslitið kapp og erfiði frá morgni til kvelds og var furða hvað allflestir þoldu slíka vinnuoft dag eftir dag, en lang erfiðast þótti jafnar sjómönnum, að hírða fiskinn að kveldi. Þegar lent er: fiskurinn seilaður út, skipið sett, fiskurinn borinn upp og skipt, gert að og saltað.

Þegar mikið barst að, dag eftir dag, voru það landmennirnir sem unnu allan daginn að koma upp fiskinum eftir því sem unnt var. Þetta þótti ein sú allra erfiðasta vinna á vertíðinni, alltaf þurftu að vera nógu margir til að beita lóðina til næsta róðurs, lóðin varð að vera fullbeitt er að var komið. Ef svo ekki var róíð aftur, beið lóðin fullbeitt til þess að næst var róíð, en það gat oft beið marga daga ef frá tók (ekki varð sjóveður). Að beita lóð þurfti 1 mann til að beita 5- 600 lóðar á meðan á sjó var verið. Þetta var mjög lýjandi verk allan daginn, oft var lóðin beingödduð, veðrið var 12- 16 gr.R, eins og oft var. Oft var mikil töf að ná beitu og hagræða svo sem best gengi, að vera ekki klár með beitingu ef strax varð róíð, mátti ekki koma fyrir. Töf við róðra mátti ekki koma fyrir, fyrir slóðaskap.

Að bjarga fiskinum undan skemmdum, var ekki sama aðferð. T.d. í Sandinum þ.e. Loftstaða og Baugstaða veiðistöðvar, var allur fiskur, jafnóðum reiddur heim til bæja, var þá skipt í Fjöru. Gert var svo að fiskinum og saltaður heima hjá bæjum. Í Sandinum varð allur fiskur svo ataður sandi að þvo þurfti hvern fisk áður en að var gert. Á Stokkseyri og í Þorlákshöfn voru sjálfir sjómennirnir sem báru upp, skiptu, gerðu að og

söltuðu, en á Eyrarbakka voru hlutakonur fjölda mörg ár.

Hlutakona var ráðin. Hún gat hirt 3- 5 hluti, þ.e. taka fiskinn í fjöru, bera hann upp á bakinu í pokum og gera að. Sjómenn flöttu fiskinn og söltuðu. Fyrir að hirða þannig fiskinn úrsjó og koma honum að flatningu fékk hlutakona lo. hvern fisk. Þetta vinnulag með hlutakonur á Eyrarbakka, byrjaði þegar um leið og teknar voru upp tvennar lóðir. Þessi þrælavinna kvenna eyðilagði algerlega heilsu sumra, og að nokkru eða miklu, margra þeirra.

Hugsum okkur gott fiskirí í 4- 6 daga, oft 50-80 í hlut á dag, og að hirða þannig 4- 6 hluti undan sjó, oft 1/3- 1/2.gildur þorskur. Þetta varð víst all mörgum lítt hörðnuðum stúlkum til heilsutjóns. (sjá fyn)

Til var það að útvegsbóndi hafði hesta til að reiða upp, en slíkt náði ekki til hlutakvenna.

Sjóróðrar - þó erfiðir væru, voru margra ungra manna bjartasti og eftirminnilegasti tími æfi þeirra. Og það get eg full-yrst, að sjóróðrar - á árabátum - og skipum, gerðu marga - flesta - að duglegum, sumum að atorkumönnum, vinnan er holl, hreyfingin góð og mikil.

Þá dró það ekki úr kappgirni drengja að komast í kappróður, t.d. við þá í næstu búð, eða í hinni lendingunni, eða að láta snúa á sig, ef sinn lagði út á hvort borð í kappróðri, eða að láta liggja á sig í andbófi á lóð, eða barningi, (barningur var ef flestir þurftu að vera undir árum í stormi).

Þá var oft kapp í að bera upp sem flesta fiska í byrði, Þar hefi eg séð furðulegust átök og þol, kappsamra drengja og varð þó aldrei að slýsi né tjóni á heilsu.

Í landlegum höfðu sjómenn ýmist til skemmtana glímur, kapp- hlaup og fl. (sund var varla þekkt). Bændur og smiðir voru oftast að smíða. Verkfærin voru léleg, smíðatólin, nafar, hefill, hamar og allrahelst tálguhúf. Nokkrir - en fáir, lásu bækur, sögur - fæstir fræðibækur. Svo kom peningaspil, Gosi- Köttur- og Vist. Þetta dró um tíma frá öðrum nytsamari störfum. Aldrei varð eg var við að illt yrði út úr spilum. Drykkirí varð ekki að бага, og ekki fremur um vertíð en endranær.

Afla skipti á vertíðarskipum var á þenna veg: Tökum dæmi af átrónu skipi með skut róður, þ.e. 10 ára skip, - 5 árar á borð, hver heilshlutar maður sinn hlut. Skipshlutar, 2 lóðarhlutir. 1 tillagshlutar, "skiplagið" þ.e. 4 hlutir dauðir, vanalega þannig:

Sjómenn og formaður. þ.e.	11 hlutir
Vanal. 2 menn 1 hlutar- land- menn	2 -
2 drengir á 1/2 hlut	1 -
4 hlutir dauðir	4 -

Skipt í 18 staði

Átta ára skip sluppu með 16 staða skipti. 12 róin skip í Þorlákshöfn skiptu tíðast í 20- 22 hluti

Skip fékk aðeins 1 hlut, ef formaður var ekki eigandi skips, og var þá 1/2 hlutar, af skipshlut, tekinn í formannskaup, þ.e. ef formaður átti sjálfur skipið, tók hann í raun og veru ekki formannskaup. en þá átti hann þó tíðast útgerðina, þ.e. alla lóð (2 ganga) 3- 4 lóðar.stjóraferi. lóðarlaupa, og tillögur og skiplag, er tók 1 hlut. Skiplag var 1 fjórðungur af harðfiski og 1 fjórðungur af rúgmjöli. efni í sjóskóbvengi, skinnstakksbindingar, byrðarólar, - hver maður 1 byrðaról- seilarólar og seilarnálar, 12-16 af hvorri á skip. Tillags hluturinn var arðvænlegastur, - minnst til hans kostað. Lóðir vildu tapast og ganga úr sér. Þetta varð hluttaki að endurbæta og hafa til reiðu, fyrirfram, svo aldreifanti ef stórtap skeður. Skip, útbúið með seglum og árum, árar brotnuðu og segl rifnuðu og svo margt, þó var t.d. aðeins 1/2 hlutar fyrir slíkt verðmæti. Það mátti hafa góðar gætur á því að skip væri að öllu í lagi, hvenær sem til þess var tekið.

Þegar lóð var notuð, sem aðallega voru notaðar, þá var beitan ýmiskonar. Á vetrarvertíð var mest notuð gota, þ.e. fisk hrognin. Þetta var gott þegar loks var farið að fiskast. Þess utan var - til að byrja með, notuð skel og maðkur, sem kallaður var "véla-beita". og var bönnuð á vertíð. Því að ekki gátu allir sjómenn aflað sér slíks. En skip voru um tíma flest að sögn:

á Loftstaða og Baugstaða veiðistöð		28 skip og bátar	-	6 rónir
á Stokkseyrar	-	46	-	(þessi tala skipa nær sanni, en ekki áreiðanleg)
á Eyrarbakka	-	26	-	
í Þorlákshöfn	-	34	-	

Síld til beitu var sótt til Reykjavíkur, er beitu þraut. Þá má minnst á Hrognkelsaslóg. Kom að miklum notum þeim er rétt áttu til veiðilagna, en það voru aðeins ábúendur jarða við sjóinn. Eftir og um páska byrjaði oft þessi veiði og kom að góðum notum þeim er það áttu tilkall til. Helst var þetta beita fyrir þorsk, sem var löngru genginn og lagstur, þ.e. eftirlegufiskar og gat oft aflast vel ef hittist á uppgjöfina. Kom það fyrir að hnýsur voru skotnar, og var beitan úr þeim allra besta beita fyrir ýsu. En illt ætlaði að verða úr því og skal hér sögð smá saga um það.

Fyrsti maður, þar evstra, er skaut hnýsu, var Jón eldri bróðir minn, og þeir sem náðu til þeirrar beitu, fiskuðu miklu betur. (Þetta mun hafa verið 1883- 1884). Síðar- 1888, vorum við báðir saman og- sem vel samhentir veiðimenn, öfluðum vel, sinn hvoru skipi tilheyrðum við, sem ráðnir hásetar. Þessi 2 skip öfluðu því miklu betur en önnur. og ní reis rímmann. Menn töluðu um að banna slíka beitu sem vélabeitu, en af því að allmiklar samþykktir voru um margt tilheyrandi vertíð, þetta voru Amts staðfestar samþykktir, framkomnar að tilhlutun Sir Odds Gíslas., í fyrstu, og fjallaði um notkun beitu. ljós- og líðrablástur að morgni- er róa mátti.flöggun, ef brimar, þ.e. flaggað að. Það varð því ekki að gert. nema með nýrri samþykkt og fá hana staðfesta.

Jón bróðir minn var all málkunnugur L. Sveinbj.s., yfirdómara Þetta kom til tals með heim, og lét hann uppi það álit sitt, að þetta yrði ekki bannað. Því öllum væri óthafið frjálst og því ekki allir að ná í þessa veiði, eins og þið! Það er öllum frjálst eins og ykkur. Þið skuluð halda áfram að sýna hinum hvað þeir eiga að gera!

Samferðamaður Jóns, eldri maður, vissi um þessa viðræðu og hefir máské sagt frá því er heim kom. Aldrei var þetta mál borið upp né nefnt tíðar.

Um róðrana yfirleitt og öll aðstaða við þau störf, segi eg ekkert um, þar metti taka til svo mörg dæmi, að fylla mundi stóra bók.

V e n j u r á v e r t í ð

Sjómenn komu í verið, sem næst þorralokum, alla leið austan úr Skaptafellssýslu, úr öllum hreppum þar, allt austan úr Meðal-landi, þó lang flestir úr Álftaveri og Mýrdal. Menn úr allri Rangárvallasýslu. einkum heir til Þorlákshafnar, flestir.

Það var ekki lítið sem kom af fólki, þ.e. Karlmönnum á öllum aldri, frá 15 ára til 60- 65 ára.

Tilheyrandi flestum skipum mátti ætla 12- 13 menn, 15- 16 í Þorlákshöfn. Á haustin fluttu menn sig, fluttu færurnar, þ.e. skrínur með káfu og smjöri. máské kjöt og föt til vertíðar, rúmföt og fleira. Allir komu gangandi til vers, máské hafði hópur manna 1- 2 hesta- trússahesta. undir nokkuð af farangri sínum. Flestir báru allt sitt og nesti. Byrðirnar voru oftast 30- 40 pd. til að byrja með, nokkuð léttist af nesti, en fáir voru heir austanmenn, sem ekki höfðu 25- 35 pd. bagga á baki er til verbiðar var komið. Þetta voru föt til skipta og fl. Umbúðir voru líka þungar. Skinnavöf, sem héldu úti vætu á ferðalaginu, sem oft var óheyrilega slarksamt og illa til stofnað með köflum, sjá síðar "um slark ferðir"

Erfiðar voru þessar ferðir. ekki sízt Skaftfellinga. Hugsum okkur að vaða flest vatnsföllin, oft í frostum og illviðrum. Stærsta hjálpin oft í þeim efnum, var gestrisnin íslenzka. Ferða- sögur þessara manna báru slíku best vott.

Ýms hlunnindi höfðu menn í veri, þar sem því varð við komið, t.d. þar sem formaður átti skip og útgerð og bjó nálægt lendingu,

svo verbúð var heima við bæ. Þar höfðu hásetar úr fjarlægum sveitum frían þvott nérfata, brauða eða kökubakstra. Allt kom þetta aukna erfiðni á kvenfólkið, og eldiviðareyðsla var gífurleg við að baka máské 80- 100 kökur sumu daga. Furða hvað þær sumar gátu af kastað.

Víða var á slíkum heimilum tekin vertíðarkona, til að vinna að heimilisverkum og aðgerð fiskjar. og veitti sízt af, þar sem 2- 3 skipshafnir tilheyrðu sumum heimilum. Þá fengu menn og vökvun, þ.e. á hverju kveldi 2 merkur af graut, oftast góðum mjólkur-grjónagraut, stundum súpu. Ákveðið verð var 1 fiskvirði um vikuna. þ.e. ca 25 aurar! Þetta var svo borgað, oftast í smjöri, er voraði. Ákveðið verð á því var 50 aurar þd. þ.e. 1 þd. smjörs fyrir vökvun í 14 daga vökvun! Verst var að oft var smjör-ið vont. þ.e. illa verkað, eins og títt var á þeim árum. NB. Jafnan voru það aðeins eldri menn, komnir úr sveitinni, sem keyptu sér vökvun. yngri menn síður.

Eitt af því, sem tilheyrði tillögunum, var sumardagsveizla, það var veizla á sumardaginn fyrsta. Þá var glatt á hjalla. vín var veitt sumstaðar og að sjálfsögðu sumardagsgrauturinn, það var nægta veitingar af graut - helst rúsinugrautur, eða súpa, til var það að menn borðuðu meir en þol entist. Þá var og að hásetar voru falaðir, þenna dag, til næstu vetrarvertíðar, en framhjá þeim gengið, er formaður ekki kærði sig um að hafa á skipi sínu.

NB. Það var vani, og að mínu álit, óviðfeldinn, að vinnu-hjú, eins og hásetar, voru þannig ekki föluð til veru næsta árs. Eg vissi til að slíkt fólk, sem hafði löngun til að vera, urðu að bíða við há von, að vera föluð til veru. Vonbrigðin voru því seigdrepanði fyrir þetta fólk, þegar það bóttist vísst úrslitanna. en það var víst, að bæði vistir og skiprúm voru mjög

mis- eftirsótt. T.d. voru formenn misjafnir að mannkostum og lípurð og heppni til fiskifanga. Þá mátti að sömu meina um heimilin, þau voru misjöfn að mörgu. Sérstaklega voru það lítilsigldar vinnukonur, oft aldurhnignar, sem tóku sér mjög nærri að verða að leita fyrir sér annarstaðar, máské í fátækt og ónær-gætni og ofætlun í störfum. Það var eins og það mætti ekki koma fyrir að hjú mæltust til að fá að vera í vist eftirleiðis, sama var um háseta og hefðu það þótt lítil úrræði fyrir uppkominn sjómann að falast eftir skiprúmi þar sem hann var búinn að vera eina vertíð eða fleiri. Hitt var sjálfsagðara að sjómenn leiti fyrir sér um skiprúm til næsta árs.

NB.

Kaup vinnuhjúa var all mismunandi. T.d. sagði Torfi Jónsson, (föðurbróðir Einars Þórðarsonar, sem lengi hefir verið dyravörður hjá Výja bíó) að þegar hann var á sínum yngri árum, ca 1860-70, fékk hann 6- 8 spesíur í árs kaup, og 4 föt, hann var þá hjá einum ríkasta bónda í Hrennum, og Torfi þessi var stakur dugnaðarmaður til allrar vinnu. Þá hefir kaup liðléttunga varla verið hátt! Og til var það að slíkir unnu árlangt fyrir fötum og fæði.

Allt fram að aldamótum, og jafnvel eftir þau, var kaup vinnu-
manna 50- 75 kr. eða 1/2 hluturinn þ.e. þá var 1/2 vetrar ver-
tíðar aflinn kaup vinnumannsins og kostaði hann þá salt og verkun
að sínum parti. Þegar vel aflaðist báru þeir gott kaup úr bítum,
(að bera úr bítum, - þar ekki mikið úr bítum, var tíð málvenja
sem eg skildi ekki vel, = af hverju þetta bítum eða býtum ? var
dregið), en æði lítið er vertíðarafl brást. Tíðast voru og
skyldurnar 4 föt. Kaup vinnukvenna var þá, fyrir utan skyldurnar
(4 föt), 8,00- 20,00 í árs kaup, fengu þær það tíðast út úr búð,
var þá líka kallað: að taka út skyldurnar. Að sjálfsögðu var dag-
legt slit sokka og skófatnaðar lagt til vinnuhjúum. Til var bó
eftir aldamót, að kaupmenn lögðu sér til skæðaskinn og að sjálf-
sögðu orfið og ljáinn. Það var talin gömul venja og sjálfsögð.

Vikukaup kaupamanna (um sláttinn) 10- 12 kr. er samsvaraði
1 sauð, eða 2 fjórðungum smjörs. Kaupakonu kaup var 1/2 lægra,
og var það oft mjög óréttmætt, því til voru þær er slóu með
karlmönnum, að vísu nokkru minni teiga, bundu, létu upp á móti
karlmanni, og hrífan í kvenna höndum var oftast svo stórum mikil-
virkari en karla. enda gátu þeir sumir varla tekið á hrífu, svo
var það orðað.

Þegar hannig hefir verið tilgreint það helsta er viðkemur vetrarvertíð og útgerð, þá er að halda áfram með starfsröðina.

Fiskurinn var víðast saltaður í opin grjótbýrgi, þótti vanalegt að 1 tunna af salti býrfti í loo af meðal stórum þorski. (Mæld salt tunna vigtaði 235- 250 pd.. vigt var mjög misjöfn, gott salt var miklu eðlishyngri). Óttaleg salteyðsla var þetta, einkur ef rigndi í staflann. Saltið rann niður í jörðina og varð oft að minna notagildi í fiskinum en skyldi. Síðar fóru menn að salta fisk í helða kassa eða múraðar þrær, svo þær héldu saltleginum og varð fiskurinn að meir saltnotum en annars, Mótþróa fékk þessi aðferð hó, frá kaupmönnum, sögðu, sem rétt var, að fiskurinn yrði miklu bykkri og þyngri og vessa meiri, og geymdist ver í skipslest. Þó féllu þessar kvartanir fljótt niður, er farið var að umsalta fiskinn, þ.e. taka fiskinn upp, setja í stafla og sá nokkru af hreinu salti í hvert fisk lag og láta hann svo standa 1- 2 vikur, þá pressaðist mesti vessinn úr honum og því fyrr gekk líka að þurka fiskinn er til kom.

Um og í kringum lok, (þ.e. 11.mai) var farið að vaska út, til þess verks var vel vandað. Ráð þótti að láta fiskinn standa inni í sjóstafla allt að viku tíma þó þerri byðist, (sjóstafla var vaskaður fiskur í stafla) þá þornaði hann fyrr. Eftir 2 daga þurrk mátti setja fiskinn í vísustakk, og var engin pressa þá sett á stakkinn, en eftir 3 daga þurrk var farið að bera grjót á fiskinn, og það var býsn sem sumir báru á stakkana af grjóti.

Nú þótti gott að láta standa í stakk nokkra daga, úr því fór að ganga vel að þurrka fiskinn. Fyrst er eg man, var sjálfsagður vani að venda í miðjum herridegi, þ.e. snúa fiskinum við svo að roðið snéri upp. Síðar var þessu hætt, því eftir vendingu var

mest hætta á að fiskur soðnaði, þ.e. sólbrendur á roðið, þá ónýt verzlunarvara eins og nú. Umfram allt var varast að láta koma á ofan í breiddan fisk, þ.e. rigna í fiskinn. Þá fyrst þótti saltfiskur full burrkaður ef hann bognaði ekki, eða lítið, ef haldið var í hnakkann milli þunnilda og svo reistur upp, enda var slíkur fiskur, ef stór var, alveg gegn þurr. Síðar, ca 1890- 1895, var þó minni heimtufrekja með þurrk á saltfiski.

Ekki mátti fiskur vera sprunginn, rifinn, rifinn frá þunnildinu, með blóðdálk, né blóðbletti í krækjufari með blárri himnu í þunnildum, þ.e. illa himnudreginn, né rifinn frá þunnindum.

Hæsta verð man eg eftir- "Eggert Gunnarssonar árið" þorsk skpd. 70 kr. No 1, en No 2 64,00 skpd, Ýsa 50,00 skpd.

Lagst verð. um 1890- 1892 ? þorsk skpd. 32,00 No 1, No 2 28,00 Ýsa skpd. 24,00. Það var víst af því að því meira vandlæti að fiskur væri í alla staði fín vara, því lægra sem var verðið, t.d. þegar þorsk skpd. No 1 kostaði 32,00 var varla hægt að koma öðrum fiski í No 1, en þeim er annars hefði tvímælalaust verið lí, þ.e. Príma vara.

Stakkar voru búnir til á sama hátt og nú. Borð voru sköruð, - eins og skarsúð ofan á stakinn, sem er gerður dálítið ris-myndaður, ofan á þetta var grjótið- pressan- svo sett. Mottur og stundum borð, léðu viðskiptaverzlanir oft, án endurgjalds.

Að verka fisk var texti þannig:

Vaska, þurrka og leggja inn þorsk á 100 st, ca 1 skpd, 4,00

- - ekki - - - 3,00

Vaska 100 st. 1,00

Þurrka, þ.e. taka vaskaðann, 100 st 2,00

Ýsa ca 25% minna, því verra bótti að vaska hana.

Sá sem verkaði og lagði inn fisk, átti að sjálfsögðu innlagningar góðgerðir úr búðinni, ca 50- 60 auro pr skpd.. Þegar góðgerðir voru afhentar, varð að sýna vigtarseðla, og voru þeir um leið merktir með því að rífa smá rifu inn í hlið til hægri, þó svo að ekki kæmi við skrifaðann staf. Væru seðlar ekki merktir þannig. Hætti við því að þeir væru sýndir annað sinn.

Innlagnings góðgerðir tóku kaupmenn af, um líkt leiti og staupagjafir voru bannaðar. ferðaplagjafir, fengu og sömu útreið.

Verðlag á fiski - manna á milli, var tíðast þetta.

Hert þorskhöfuð (að vori) 100 st. þ.e. nógur baggi öðrumegin á hest. blaut þorskhöfuð. - við aðgjörð, 2 aura st., oft 1 1/2 aur pr.st. Blaut ýsa með höfði og slógi 10 aura st. þ.e. 20 aura bandið - 2 st. sama hve stórar þær voru, síðar 25 aura bandið (1890 og síðar) Þorskur var held eg aldrei seldur manna á milli)

Gott þorskalýsi 3,00 kítur, lakara 2,00 - 2,50

Hákallslýsi 3,00. Selslýsi 3,00, Hnýsulýsi 4,00

Grásleppa st. 3- 5 aurar,

Harðfiskur (hörð ýsa) 1,00 - 1,50 fjórðungur =(10 pd.)

- - Vættin = 80 pd á 8,00 - 10,00

Hert skata = Börðin í strengjum sama verð

- - sköturassar nokkru ódýrari (svo var nefndur allur miðhluti úr skötu, þ.e. þegar búið var að skera börðin frá, trjónubrjóskið burt og flett utanaf halanum. Þessi aðgerð var að skera skötuna upp, það þurfti að gera vel, ekkert mátti fylgja börðunum af kinnfiskinum. Utan vertíðar, þ.e. haust og vorvertíð, var það sjálfsagt að sá er lóðina átti, átti sköturassinn í happadrátt, aðeins börðin komu til skipta. Það var líka vani sumra, er gerðu út á vetrarvertíð, og áttu lóðina, að taka sköturassana í happadrátt. Aðrar tegundir fisks voru ekki happadrættir, t.d. lúða sást þar varla, sem víða voru að nokkrum hluta happadráttur, einkum á færi, að því að mér var sagt.

Hákarl, burrkaður. var 50- 75 aura fjórðungur (var oft illa þurr, aðeins skeljaður að utan, hvítur og blautur allt innaní lengjunum)

Íslenzkar vörur, sem oftast gengu upp í kaupin, voru seldar þannig, smjör 45- 50 aura, tólg 30 aura pr.pd., órónir sjóvetlingar á 25- 30 aurar parið, sokkar 75- 1,00.

þrjónanærföt 2- 4,00 st, duggarapeysur 4- 5,00, skinnstakkur 2- 3,00, brók-sauðskinn- 4,00, leðurbrók 8,00- 10, sjóhattar í

búðinni (útl. vara 1,25- mest 3,00 eftir gæðum, sjóklæði úr
hnakksleðri - 2- 3,00 parið (úrvalsleður)
(Skæðin voru 8 þuml. breið og 13 1/2 - 14 þuml. á lengd).
Sjóskór voru verptir saman með 1 1/2 línu gildleika, enginn
hæl né tá saumur gerður).

Seinasta verk vertíðar var að setja upp skipin. (Engin
sérstök viðhöfn var við það á þessum stöðum). Að setja skipin
niður undir sjó í bvrjun vertíðar var nefnt að setja fram.
Að setja upp eftir vertíð. að setja upp. Þorlákshafnarmenn
kölluðu þó, að setja á flórana, er þeir settu fram, og að setja
í hróin, er þeir settu þau upp að vori.

Það var ekki fyrri en um 1904, að farið var að nota þorskanet í veiðistöðvunum þar eystra, en miklar og merkar sögur um þá veiði aðferð bárust frá Faxaflóa. Það voru nú fiskisögur það! En fyrir löngu síðan. líklega nál. 1880, kom maður að nafni Karel Jónsson. og varð brátt formaður - duglegur mjög. Þessi formaður kvað hafa, fyrstur manna, lagt þorskanet þar eystra, á fiskimið sem nefnt er "Ýsuklettur". Svo fór um þá sjóferð, að löng frátök gerði, og voru netin töpuð, - sáust aldrei meira. Oft var talað um þessa veiðiaðferð, og þótti lukka mikil að svona fór. Ekki vegna tapsins sem skeði við að tapa að öllu 3- 4 þorskanetum, heldur af því einu, að þarna hafi um leið tekið fyrir veiði aðferð, sem að sjálfsögðu hefði orðið mjög hættu aukandi í slíkum brim veiðistöðvum, sem þessum.

Sem fyrr getur, var þó byrjað að nýju á notkun þorskaneta, og nær samtímis í öllum veiðistöðunum. Þetta fór smátt og dult á stað. Komið var nær sumarmálum. stillur og gæftir góðar, en sára fiskilítið. Þó þóttust menn vita af fiski, þó hann fengist ekki. sílaferð var mikil og daglega og fyrir kom það að menn fengu góðar hrotur af þorski á færi. máské 6- 8 í hlut á örstuttum tíma og sem svo tók af allt í einu, eða að 8- 10 í hlut fengust á lóð, ef hún lá í botni um liggjandann, þ.e. fjöru snúninginn og ef beitt var "rægsnum", þ.e. hrognkelsa slógi. Jú, það var svo sem víst að fiskur var til við botninn, þó hann fengist ekki. Eg man það vel, er komið var að einn dag, að fréttist, að "í gær hafi tveir lagt þorskanet, og fengið þau full í morgun af þorski". Þetta voru tíðindi! Engir aðrir áttu net, vertíð nær enda og ekkert efni til neta nær en fyrir Sunnan. Nokkrir sendu strax Svður. fengu 3- 5 net. og komu nógu seint úr slíkum göngu-túr, með byrðina. að sjóveðrið var úti í það sinn. Síðar gaf þó á sjó fyrir lok og lögðu þessir net og urðu vel varir, en aðrir lítið, svo ekki var þó allur fiskur farinn!

Næsta ár höfðu allir búið sig út með 1- 2 trossur, (á 5-6 net) en deigir voru margir við að leggja mikið í slíkann kostnað, því auðvitað varð líka að hafa sama stofn fiskilóðar til næstu vertíðar, eins og vant var, ekki var annað þorandi. Næsta ár voru svo net nokkuð notuð, er fram á kom, þ.e. fiskur var lagstur, og gafst vel. en löng frátök - 2- 3 vikur voru ekki svo fátíð á þeim árum, oft 4-6 daga ógæftir og var bá fiskur orðinn skemmdur í netunum, og ef stórveltu gerði, flæktust þau mjög til í sjó. rak oft langt úr stað, eða töpuðust. Mest kvað þó að tapi, eftir að menn fóru að hafa trossur langar- 10- 12 net í trossu -. Töpin sjaldnar ef þær voru aðeins 5- 6 net. Allra mest varnaði þó neta tapi eftir að stevtir netasteinar voru notaðir. Þeir losnuðu ekki úr netunum þó öldurót gerði, en hinir steinarnir voru tíðast flestir tapaðir úr netatrossum, svo þær flutu uppi, aðeins fastar á endafærunum, og er auðskilið hver áhrif stóraldan hefir haft á trossurnar þegar þær voru að miklu leiti orðnar ofan sjávar. Ráku líka oft á land (í Þorl.h.) steinalausar að mestu. Eg stundaði sem ekkert sjó, er net voru almennt upp tekin þar. Þeir sem það hafa gert í færri eða fleiri ár, kunna betur en eg að segja frá þeim erfiðleikum og töpum er þeim fylgdu, - en unngripa aflí var það oft. sem í þau fékkst og dag eftir dag og það, er önnur veiðarfæri - lóðir eða færi, urðu að litlum notu

Þó mér "sé skilt málið" get eg þess aðeins, að netasteinarnir er eg bjó til, urðu til stórbóta þeim, er þá notuðu. Þeir voru alveg kúlumyndaðir, svo stórir, - eins og glerkúlurnar- að þeir smugu ekki möskvann, og flæktu því ekki netin. Miklu betur fiskaðist í þau vegna þess að fiskur snéri þau síður saman, gagnstätt því, ef hinir steinarnir- sem mjög voru lausir í kaðmellunni og losnuðu úr ef hreyfing kom á netin, sögðu sjómenn að oft

sneru fáir fiskar þau í dróma og minni eða stærri kafla, þar var því ekki fleirra fiska von. Auk þess var svo fljótlegt að leggja netin með mínum steinum, því ekki var hætt við að þeir, fremur en glerkúlurnar, festust uppi í riðlinum.

Eg hafði löngu fyrr heyrt talað um hvað netagrjótið væri illt viðureignar, jafnvel í góðum sjóveðrum, en þó allra mest í vondu sjóveðri. Svo þegar eg sá með eigin augum hve afar stríðsamt. Þetta var sjómönnum, og hvað þeir spiltu veiði og netunum, þá tók eg til að vinna að þessari þörfu umbót fyrir sjómennina, og fékk, eftir mikinn kostnað og því meiri vinnu og umstang, danskt patent fyrir " Fiskegarnskugler með gennemboring " sem gildi jafnt um tilbúning á steiptum netasteinum og flot kúlur úr gleri, tré eða málmi. Engan styrk né hjálp fékk eg til að koma þessu í verk, að undanteknu því að Jón Þorláksson þá verkfræðingur í Reykjavík, gerði teikningu og samdi "Beskrivelse" með þessu og bað snilldar vel, að óvænt lítil mótmæli komu er leiðrétta þurfti. skýra betur eða breyta. Fyrir þá vinnu og öll góð ráð, tók hann sáralitla borgun eftir því sem eg síðar komst að, að slíkir menn tóku fyrir slíka faglega vinnu.

Nálega 9000 steinar voru búnir til á 2 árum, bæði hér í Reykjavík, og eystra, og seldir hér við Faxaflóa, nokkuð til Vest- og Austfjarða, en allra mest í allar 4 veiðistöðvar í Árnessýslu og loks allmikið til Vestmannaeyja. Eg hefi á öðrum stað gefið skýrslu um afdrif þessarar viðleitni minnar, til að hjálpa öðrum í brýnni nauðsyn, og allt í mjög efasamri von um að eg bæri nokkuð annað úr bitum en skaðann. Þetta erfiði mitt var mér, af óhlutvöndum mönnum, launað með ráni og órétti, til þess ítrasta. að mér fannst.

Fjöldi mörg viðurkenninga bréf fékk eg frá formönnum er notuðu þessa steina. um ágæti þeirra og nauðsyn, og besta viðurkenningu þó frá Norðurlanda sýningunni er haldin var í Kbh.,

veturinn 1911 - 12. Þaðan fékk eg viðurkenningar skjal um þessa steina "For hædrende omtale" (því auðvitað höfðu útlendingar ekki haft þá til reynslu). Hr. P.Th. hafði og aflað mjög margra vottorða bæði að austan og vestan og lét þau, vélrituð, fylgja.

Fyrir framkvæmd hr. kaupm. P. Thorsteinssonar í Reykjavík, komst þetta á sýninguna. Hann, nfl. sendi nýtt þorskanet, með glerkúlum og steiptum steinum- altilbúið, til að leggja það í sjó, og keypti sýningarpláss fyrir það. Um þetta vissi eg þó ekki fyrr en eg kom til Kbh. þann vetur og dvaldi þar.

Þessi merki maður, sýndi annan og göfugri hugsunarhátt, en allmargir árir, sem sýndu þessu allverulegan móþróa- má ske af öfund, að eg ekki nefni þá er verst léku þetta mál og eg vænti ekki neins illis af.

Um vorið 1912. er eg var kominn heim, auglýsti L. Fanöe Pat. til sölu, fyrir mig. Eins og oft er venja, en skömmu síðar sendir A.Lefolli 2 blaðaúrklippur úr Berl.t. og öðru blaði þar, til P.N., verzlunarstjóra hans á Eyrarbakka, og bendir á að láta mig vita af þeim. Báðar voru þær á líka leið, að þetta auglýsta Pa. væri ekki mikils vert og ekkert nýtt, því það væri löngu notað í Noregi. - Þetta gat illa staðist, því þá fyrir ca 12 mánuðum var veitt norskt Pat fyrir þessari uppfinningu. Eg sendi L. Fanöe úrklippurnar. Hann gekkst í það- sem vænta mátti, að vita hverju þetta satti, en fékk víst svar um að þeir gætu engu til svarað. Því svo margt gæti slæðst með, smávegis, svo að ritstj. væri ekki kunnugt um það allt, svo ekki var neitt gert í því.

N o k k r a r a t h u g a s e m d i r

1. Ekki var það vani eystra. Þar sem eg þekkti til, að menn hefðu með sér mat né drykk á sjó, nema er menn fengu kaffi og einhvern matarbita niður að skipi, er að var komið og í róðrum stóð, var þá sopið kaffið og bitinn hafður með sér og étinn meðan lóðin lá.

Sumir kærðu sig ekki um neinn mat, þó róíð væri allan daginn aðeins kaffi 1- 2 sinnum á dag. ýmsir réru án þess að nærast nokkuð, þ.e. (fastandi) og sá ekki á þeim þrekleysi, en þetta voru helst eldri menn sem voru þessu vanastir. Þegar var verið á sjó allan daginn, t.d. legið fyrir hákarl, voru menn því matarlausir til kvölds, að heim var komið. Aldrei heyrði eg neinn tala um svengd, sjaldan um þorsta. Væri þó sízt vert að segja að menn hefðu ekki getið um slíkar ástæður, ef að hefði þrengt, því á sjó var ekki vani að dylja hugsanir sínar. um smátt eða stórt!

2. Drykkirí var ekki þekkt á sjó. engum leyfðist að róa drukkin né hafa með sér vín á sjó. en
3. tóbak- munn og neftóbak var uppgangseyrir og menn ósparir á að rétta til þess næsta, "svo sem Guðjón Pálsson kvað til Snorra formanns"

" Ekki reiðast máttu mér
mjög hó þeri kalsa
Teygðu hingað "Tjörguver"
Tóbaksfullann "Halsa".

Snorri formaður átti nfl. frægan kjörgríp: látúnsbúinn trébauk er allir vissir að nefndist "Halsi" og aldrei var lengi tómur, þó ekki væri hann mjög ásjálegur. að dómum listamanna! Sú var raunin á. að oftast var það baukurinn, sem varð seinasta sátta- vitnið, ef á milli skarst í orðum. og slík sætt ekki rofin!

Peir sem reyktu pípur áttu erfitt með eld, einkum meðan eld-
spítur voru lítt þekktar eða fáanlegar, og þó þær væru til, var
sjálfsagt að spara þær. Í bá daga. Þegar reykingar-menn voru
heima, var sjálfsagt að kveikja í við ljósið eða að fá glóðar-
köggul úr hlóðunum. Þá hótti svo alveg sjálfsagt að fara vel með
eld, enda fátíð brunaslys af þessum völdum.

Vindlar þekktust varla og cigarettur ekki fyrr en eftir 1890-
þá komu þær í Lefoliis- verzlun, en engin spurði eftir þeim
-fyrst í stað, nema Matrósarnir af kaupförunum sem þangað sigldu,
lítið held eg að landsfólkið hafi notað þær fyrir aldamót.

Helsta reyktóbak sem reykt var, var þetta:

Biskup 4 st í pd á 75 - 80 ö = á 20 - 25 ö

Meange - - litlu dýrara

Schag (þá framb.Sjakk) 4 st í pd á 1,20 - 1,50

Mosmore 4 st í pd á 2,00, st á 50 ö

do kom síðar 5 st á pd á 2.50 st 50 ö

Luisiana 4 st á pd - 2.50, 2,75.

plötu tóbak þekktu sumir, höfðu séð það um borð, þ.e. hjá
"Matrósunum", en ekki var það eftirsóttur "metall" þeim er höfðu
nokkur ráð á rullu eða reyk.

Ennþá er þá að víkja að heimilastörfunum, sem horfið var frá í bili, til þess að lýsa þeim störfum, sem nefnd hafa verið.

Á vertíðinni, er allir verkfærir menn höfðu sótt til sjávar, var víða mjög illa mennt eða illa mannað. Var á heimilum og afar erfið og oft hættuleg störf fyrir kvenfólk aðeins, og unglinga. Eins á útmánuðum (Þorra, Góu og Einmánuðum) gátu komið illviðri og þau oft manndráps veður, sem urðu að ógleymanlegu tjóni. Aðsteður voru svo erfiðar víða, langt á beitarhús, langt að bera hey til fjarlæggra húsa, borið í stórum meisum- laupum-, og var það oft í stormviðrum ofætlun þessum lítilmögnum. Enda komu - í þá daga, fyrir 1 - 2 dagar í illviðratíð að ekki var viðlit að sinna fénaði er var við hús er fjarri voru bæjum. Má nærri geta að djarft var svo tiltekið, að komast á húsin þegar loks var viðlit að fara frá bæjum. Dæmi voru til, að ekki varð komist milli fjóss og bæjar, jafnvel hó fjós væri í bæjarröndinni, Slík veður eru: samfara þetta brennt: ógengt, jafnvel með því að styðja sig við vegginn af stormi. Frost 16^o 18^oR, og fannfergi svo mikið, að ekki sést handa skil. Erfiðir dagar þá en munurinn mikill, er góð er tíð og allt gengur vel.

Þá er aðsteðjandi erfiði og kvíði. ef heyleysi er fyrir dyrum, eldiviðarleysi var heldur ekki fátítt. Slík íbynging, ofan á erfiði sem fyrir var. Hjálpsemi var allmishitt er svo stóð á, "hver þurfti að sjá um sig" og var það vorkunarmál.

Látum vera komið að lokum og krossmessu. Þeim meiri og minni breytingum sem á þeim tíma gerast, þarf ekki að lýsa, það mun víðast vera líkt.

Vorvertíð byrjar við sjóinn, auk þess sem karlmenn hamast við fiskvöskun og breiðslur, er herrir er, einnig ýmsa landvinnu

og að gæta að fénaði, var nú notað hvert tækifæri til að róa á sjóinn. Því fylgdi öflun beitu, maðka-sandur og skeljafljara. oftast róði að kveldi og alla nóttina ef aflavon var góð. slíkar vökur daga og nætur hvað eftir annað, með því erfiðri, er sá mesti þrældómur sem eg hefi kynnst. Eg minnst hér orða hins merka formanns Benedikts Benediktssonar í Vestra-Íragerði. Hann sagði að verst hafi farið með sig vökurnar á vorum, þegar hann var unglingur, - það var þessi stanslaus eftirrekstur og vinna sem hélt manni vakandi, nætur og daga, stundum vikulangt, ef tíð var góð. Þetta breyttist þó nokkuð síðar svo þarilegt þótti

Almennum vor og sumar verkum til sveita þarf ekki að lýsa, þau munu víðast vera lík þar sem nokkuð er um skepnur.

Sláttur var víða byrjaður þann sjálfsagða dag, laugardag í elleftu viku sumars. Þá áðeins borið niður 1 eða 2 menn. Svo byrjað af kapri snemma að mánudagsmorgni. Ef þerritíð var, var vaknað í túnin kl. 2-3 að morgni og slegið til dagmála, kl. 6-7 drukkið kaffi og etinn litli skattur. Kl. 10-11 frúkostur (af einstaka mönnum nefndur: skyrborðun!), þá slegið áfram ef ekki var laust hey að sinna. Sofið kl. 1-2, eða vel það eftir því sem á stóð, kl. 3 etinn miðdagur, farið út kl. 4, oft drukkið kaffi kl. 7 e.m. þar sem þess var kostur. Víða var staðið fram til kl. 11, en það var þó að breytast í kl. 10 að kveldi. Þegar heyhirðingar voru miklar, og ef útlit var fyrir óþerri, þá var vanalega vakað þar til klárt var. Þá var oft erfitt og seinclátt verk að hlaða úr. Heytorf var ekki alltaf nóg við hendi, en heyhlöður voru þá lítt þekktar, en einhver allra þarfasta búbot, þar sem þær komu upp og voru í góðu lagi, en víða vildu þær leka, þar til bárujárnið kom. Þá fyrst kom skrið á heyhlöðu byggingar.

Slætti lýsi eg ekki.- víða líkt með hann, þó margt ólíkt saman við í hinum fjarlægari byggðarlögum.

Þakjárn - bárujárn- sá eg fyrst 1380, þá fluttist fyrst um það leiti, þykkt járn No 24 og vel galvaníserað. Það var gljá-andifagurt, með svo afar skærum zinkgeislum og báruur djúpar. Þetta járn hefir bolað til þessa.

Síðan þessi fyrstu ár járnsins, hefi eg ekki séð það í slíku fegurðar og notagildi. Þá fóru að flytjast bunnar og lélegar, gráar plötur, enda ónýtt til endingar á móti því fyrsta.

Á þessum tíma var fært frá ám. Lömbin rekin á fjall. Fráfærur voru leiðinlegar. Lambajarmurinn eins og loddli lengi við hlustir, eftir að búið var að sitja yfir lömbunum og reka þau. Yfirseta lamba tók 2- 3 daga-(allt sí jarmandi), þau rákust betur ef yfir heim var setið.

Í vanalegan tíma að vori fór fram rúning fjár og um leið fjár-smalanir geldfjár til rekstrar á afrétt og var rekið með lömbum. Ótækt bótti að hafa geldfé í heimahögum á sumrum.

Þ e g a r h a u s t a r a ð þá er það sunnudagur í 20. v. sumars, þá er haldinn fjallskilafundur, þá komið sér niður á því, hver fjallskil hver fjáreigandi skal gera. Var þá að mestu farið eftir framtali frá því um vorið, en var hó útaf þruggið, er vantalið bótti, og urðu slíkir þá að láta sér það lynda, - þá betra að þegja.

Haft var eftir Þorvarði í Sandvík - er lengi var oddviti,- "Þú ert hérna með 4 ær L., við sendum þig á Fit", en Fitarreið er vanalegust þeim er margt - næst flest, átti fé þar neðra.

Óbreytt er flest um fjallferðir þar, - göngur. hver leit var metin á víst krónutal og svo er enn, en nú er meir um það að menn borgi til fjallskila eftir jarðarmati, er þeir búa á, eins hó fjáreign sé lítil eða engin, síðan keyptir vanir fjallmenn til að fara í göngur. Áður kom það fyrir að sendir voru á fjall amlóðar - h.e. ófærir menn- í 8-12-14 daga langferð, og var þá

illa farið ef illa viðraði þar uppi á afrétti. Verð á fé að

hausti var oft þannig:	Gras=lömb	2,50 - 3,00) á fæti
	dilkar	3,00 - 4,00	
	Sauðir	12,00 -16,00	

Þegar Kokkel - (sem svo var nefndur) byrjaði að kaupa fé, var helsta verð á sauð 12,00 borgað í peningum. Sama var og hjá manni er nefndist Lauretsen(borið fram au). Þá var sauðakjöt á Eyrarb. 14- 16 aur, mör 23- 25 pd. innmatur úr sauð 1,00 með höfði og fótum, Kjöt af veturgömlu 11- 12 aurar pd., ær kjöt 9- 12 aurar pd.- innmatur 50- 60 aurar. Hér var varla um annað að tala en innskrift, þ.e. vörur á vöruverði út úr búð.

Havstannir munu víðast vera líkar. Sláturtíðin tekur við eftir göngunum. Þeir sem við sjóinn bjuggu stunduðu alltaf sjóinn hvenær sem sjóveður var. Þá var róíð 2svar á dag- þó dagur væri stuttur. Þó var aðeins tvíróið ef vel fiskaðist. Þegar tvíróið var, beitti hver sinn stokk, - (stokkur var 200 lóðar, þ.e. 2 línulengdir). Beitt var maðki og skel eða fuglakjöti, garnir kinda, kálfa, sela eða hnýsu. Oft var erfitt með beitu, nema þeir sem höfðu þá forsjálni að afla skelja - fara í skelja fjörur, en til þess þurfti að slá slöku við sláttinn um 1- 3 daga hádegisfjörur- í Höfuðdagsstrauminn. en þá er mestur straumur á sumri, eins og Góuginur á vetri, - þá tungl næst jörðu. Þegar tvíróið var varð að hafa hraðann á, til þess að hafa nógan dag til seinni róðursins, ekki var annar róður róinn ef viðsjálft var sjóveður, því ef að þurfti að leita nauðlendingar, þá veitti ekki af dagsbirtunni.

Eitt sjálfsagða aðalverkið var að hausti, að reiða hauginn. Til þess voru notaðir fyrstu frostdagarnir, þegar jörð var svo frosin að ekki sporaðist undan hesta fótunum.

Reitt var á 2- 3- 4 hestum. eftir því sem vegur var langur á túnin. 2 karlmenn mokuðu í kláfana, krakkar teymdu hver sinn hest úr haugstæði, en skiptu ætíð um taum við þann næsta, svo hver krakki hafði sinn sama vegaspotta. Fjarst var svo hleypti-
konan, hún hleypti úr kláfunum og hafði þann vanda að hleyva vel
þ.e. hæfilega gisið. Illu hleypt (þ.e. ójafnt) þótti bagalegt. Svo hæfilega þurfti að vera hleypt, að breiða taðsins nái saman, þegar úr var mokað hlössunum. "Betri er ein haustbreiðsla en tvær vorbreiðslur" segir í "Atla", og voru flestir sem mokuðu úr að haustinu. (Ýmist var það nefnt að moka úr. eða hreyta úr, hreyta úr hlössunum, að moka úr, var aðeins og í sterkari merk-
ingu og voru þau um mæli ef sönn voru(?) - eftir Þorleifi á Háeyri, að: þegar eyðslu kind - eyðslusöm manneskja, - kemst í eignir, þá er öllu eytt, eins og mokað er út á túni! Líkingin er nú ekki svo fráleit, því duglegt fólk og vant þeirri vinnu, gerði geisilega yfirferð er það mokaði úr, svo að hlössin týndu
æði fljótt tölunni.

Skemmtanir voru fáar að vetrum, utan skautahlaup drengja og yngrri manna. Skíði aðeins þekkt af afspurn (ca 1881- 82). Þó man eg að Júníus bróðir minn reyndi skíði, þau voru smíðuð úr furu, en illa gekk að fá hæfilega beygju á þau.- Eik var hvergi fáanleg nema í tvíftar-stykkjum. sem voru of stutt í skíði. Eg sé það nú, er eg kynnist lögun skíða, að þessi skíði hafa verið of breið, ca 5 þuml., lengdin var ca 4 1/2 al.. Illa gekk að nota þau. Feikna snjór var þann vetur og ófarð í kné og mitt læri, voru þeir að tala um sem fóru frá bæ, og eg held að það hafi verið satt, því eg man hvað þessum duglegu mönnum gekk illa að komast um jörðina. Þetta var svo ólíkt því að renna sér á skautum. Það var nú ferðalag. Og leggir voru líka góðir, voru ekki mikið á eftir skauta strákunum!

Þorsteinn (bróðir Sir Arna á Kálfatjörn), bjó þá á Breiðumýrarholti, hafði átt gömul skíði og kunnir að nota þau, en líklega hafa þau ekki verið þar lengi. heyrði þeirra aðeins getið, um líkt leiti. Eg heyrði talað um það. að einhver hafi reynt með skíði löngu fyrr. og ekki gengið vel, því krappa snjór var þá á vatninu sem hann renndi sér á.- svo nefnd "Langadæl" hjá Stokkseyri.

Á kveldin voru lesnar sögur og kveðnar rímur og þótti mér furða hvað margar voru til af þeim, t.d. Andra-rímur (sem sumir kunnir utanað) Úlfar, - Bósa- Ferakúts- Núma- Otúells-Líkafróns og fl.rímur, þá mátti nefna Hrakvallabálk, Jóhönnu raunir og fleiri raunir, því flest fjallaði þetta um bardaga, sigra og ósigra, og ófreskjur og kyngiöfl - og þá var nú tekið eftir.

Einstaka menn áttu safn af þessu dóti og voru mjög greiðvirkir á að lána þær og þá í skiptum fyrir aðrar. Mestur bókabör þá hótti Jón í Simbakoti á Eyrarbakka.

Ein var skemmtiferð, sem lengi var hlakkað til "að ríða í Réttirnar" þ.e. í Skeiða- eða Hreppa réttir. Og tilhlökkun var það öllum fjallreiða mönnum. er fór að líða að fjallferð. Orðið göngur var ekki notað þar eystra. Fjallmenn höfðu Fjallkóng, ekki neitt rír embættis titill það í fjallferð og réttum. Hann var að sjálfsögðu fararstjóri, skipaði í leitir. Hver fjallmaður þurfti að hafa góðan útbúnað og nesti til allrar ferðarinnar, góðann hest og hund, þeir sem góðann hund áttu. Svo var Trússari eða Trússa hestur. Á honum voru koffort með nesti þeirra er saman voru. svo og tjöld. 2- 4- 6- 8 manna tjöld. Tjaldrúm var, minnir mig. 50 aurar síðar 75 aurar fyrir ferðina, goldið þeim er tjald átti. Að eiga tjald var sumum allverulegur metnaðar aukki, og sjálfsagt var að Fjallkóngur ætti tjald fyrir sig og sína kunnugustu. Eg man að Kóngstjaldið var tjalda stærst í hópnum, (að sjálfsögðu kallað Kóngstjaldið meðan fjallferðin var. fjallleitarmönnum til auðnefnis frá öðrum, Sömuleiðis Kóngs trússari.

NB.

Ath. um skemmtanir.

Máské hefi eg aðeins getið hér um það, að sjómenn og enda heimamenn, stunduðu allmikið glímur, og það man eg að á vertíð ca 1880- 82?) var stofnað til kappglímu á Stokkseyri. Það var á sunnudegi, eftir messu. Þá var tombóla haldin til ágóða fyrir Lestrarfél. Vísir á Eyrarbakka.- er síðar varð Lestrarfél. Árnes-sýslu. Eftir þessa tombólu - að kveldi- var svo glímt. Ekki var eg þar, en heyrði sagt að þar hafi Jón eldri bróðir minn unnið í glímu mesta og sterkasta kappi úr Rangárþingum, St.St. Jón hafði lagt hann á Skessu bragði, sem engin stóðst honum, þó stærri og sterkari væri, - en - þó mér sé hér skilt mál, verð eg að geta þess að Jón var mjög lipur og knár glímumaður og hafði lifandi áhuga fyrir íbróttum.

Þá var - að vísu, ekki talað um fegurðar glímu, þó var bannað að bolast, enda þerðu engir góðir glímumenn það, en svo fimir sýndist mér þeir vera. að varla var leið að koma þeim af löppunum, og tók oft langan tíma. er liprir glímdu.

Ég hefi, með undrun. horft á þessa nýtyzku fegurðarglímu og ekki getað varist þessari óheyrilegu spurningu!
"skvldu þeir glíma þannig. ef þeir ættu við ofurefli og ættu líf sitt að verja ?"

NB.

Ath. V i ð s k e m m t a n i r.

Rímur og stakar vísur. kunnur menn þá furðu mikið, sumir þó fátt kynnu annað. Voru oft kveðandi vísu og ekki altént af betra taginu, t.d. er enn maður á lífi, sem kunnur allar Andra, mikið í Úlfar og fleiri rímur, og ógrynni af lausá-vísum, hvaðanæfa að. Vantaði manna sízt vísu í ákvæða kappi, = að kveðast á, sem oft var reynt meðal sjómanna, og Xa = Exa. vísur átti hann alltaf, t.d. alþekkt ending vísu:

" láta xið koma strax"!!

Kvæði í öðru en rímna-stíl heyrði eg hann aldrei mæla. Ekki var þessi þó talinn næmur, var - að sögn- gerður aftur reka frá spurningum og álitinn tossi. Mér virtist hann læra flestar vísur, þó dýrt væru kveðnar. ef hann heyrði þær einu sinni.

Mér virðist þetta benda til þess, 1) hvaða ofætlun það var að ætla unglíngum að læra langar lexíur utan-bókar, og án allra skýringa, eins og þá var síður með kverið, sem ekki var áhuga-samt nám, nema sárafáum unglíngum, sumum kvöl, að vera bundinn við ár eftir ár, eða 2) að ætlast til þess að heimilin gætu ráðið bót á þessu. Þó voru til einstök heimili, sem kennt var ónæmum og ólæsum börnum að læra utanað. Þetta tók tíma og reyndi á holinmæði. Allt vannst þetta með tíma, ef bverúð stríddi ekki á móti.

B r e y t t i r t í m a r !
í f l e s t u .

Þar á meðal þetta.

Kirkjurekni var almenn varla svo slæmt veður að ekki væri þó einn maður frá bæ. Þegar messað var, tíðast fleiri. Altarisgöngur voru þá sjálfsagður siður og fór oftast flest eða allt heimilisfólkið sama messudag. Jónsbók var lesin á sunnudögum, víðast og sumstaðar Helgareostilla. Kvöldlestur öll rúmhelgidags-kveld, P.biskups lestra bók, "Hugvekju"sálmar sungnir, til föstu síðan að sjálfsögðu Passíusálmar sungnir og P.predikanir, eftir Páska, sungnir upprisusálmar.

Það kom ekki fyrir að niður félli húslestur þar heima.

"Tímarnir breytast og mennirnir með"

Svo mun líka vera um trúrækni og fl.

Þegar rennt er huga yfir kirkjulegar athafnir fyrir 30- 50-árum og borið saman við það sem nú er, þá finnst mér, einnig þar kenna allverulegra breytinga, á svo stuttum tíma. Í stjórnarfarslegu og kirkju- og helgisiðalegu tilliti eru 30- 50 ár ekki svo verulega langur tími. Það sem eg tilfæri hér, er eftir minni reynslu, en eg kynntist að því leiti kirkjulegum málum og athöfnum, sem eg var starfandi við Stokkseyrar kirkju sem orgelleikari og söngleiddandi í full 20 ár og þar á meðal á annað ár við Eyrarbakka kirkju.

Aður en Kaldaðarnes kirkja var lögð niður og sá partur sóknar sameinaður Eyrarbakka kirkju. sem þá var nýbyggð, voru um langa tíma, guðshjónustur í Stokkseyrar kirkju hverja 2 helgidaga en í Kaldaðarnes kirkju hvern 3ja helgidag. Fyrstu árin, sem eg annaðist um söng í Stokkseyrar kirkju (þá var Jón bróðir minn

alfluttur til Eyrarbakka og hafði það starf við kirkjuna þar) var ársbóknun fyrir starfið 25,00 yfir árið, oftast 31- 35 messur þau ár, þó kom ekki fyrir- í embættistíð Sir. Ólafs Helgasonar, að messufall yrði sökum illviðris. Kirkja var mjög vel sótt. Flest fólk var við kirkju. Meðan við vorum saman. 17 manns, þar af 2 konur. en þá var norðan harðindi og þann dag 180 R. frost, einu sinni síðar var messað í 160 R.- og var það öllu verra því þá var stormur nokkur og næddi fremur í gegn, þá var ekki kominn ofn í kirkjuna. Frostið er eg nefndi, var þannig á mæli sem var úti, hvað frostið var inni, var víst nokkru minna. Eg minnst þess að þenna dag er frost var og stormur nokkur, gat eg ekki spilað á hljóðfarið nema 2 versin af tveim fyrstu sálmunum, og man eg að presti þótti furða að þau urðu þó tvö, og lét sér nægja, hvað mögulegt var í þeim kulda. en þarna vann eg með þeim allra liprasta og samvinnuþíðasta manni er eg hefi starfað með, þar sem var Sir. Ólafur Helgason á Stórahrauni. Eg minnst, í þessu sambandi. á áhuga hans. lipra samvinnu, er hátíðasöngvar Sir. Bjarna Þorsteinssonar voru innleiddir í kirkju sönginn, enda var strax á fyrsta ári full æft fyrir hverja hátíð, og notaði hann þá oft til sam-æfinga. með söngkórinn þau tækifæri er jarðarför var á staðnum. Hátíða söngvar þessir voru og um sama leiti æfðir við Eyrarbakka kirkju. Þetta þótti mikil viðfangs-efni í þá daga, og á báðum stöðum tekið til starfa af heilum hug og svo æft að söngur þótti prýðilegur. Einmitt þessir söngvar juku mjög á aðsókn til kirkju, einkum lengra að, um plássbúaá á báðum stöðum, þurfti ekki að tala þá. þá var vani að allir fóru sem það gátu, oft í æði harðdrægu veðri, Eftir nokkur ár var organista gjaldið,- svo var það nefnt, hækkað uppí 35,00 á ári og auk þess 10,00 á ári fyrir að kenna skólabörnum sálmasöngva,

voru þær æfingar 1- 2 tíma í kirkjunni 1 sinni í viku og auk þess á sunnudögum þegar ekki var messað á staðnum. Fyrir börnin var þessi kennsla að því leiti frjáls, að þetta var ekki skyldunám. Þau komu því, sem áhuga höfðu fyrir söng, bæði piltar og stúlkur og komu mjög brátt til að syngja með við messur, og það svo, að brátt var næg styrks von að þeim í söngnum, er aðrar og eldri konur gátu ekki sótt kirkju. 10 kr. á ári var ekki,- og þætti ekki mikilvæg "summa" fyrir svo marga tíma, og oft í lökuveðri, sem til þessara æfinga fóru, en óbeinlínis var þetta vel borgað, með því að upp af þessu fólki byggðist ágætt söngfólk og áhugasamt, sem eg býst við að kirkjusöngur á Stokkseyri hafi notið góðs af. því eg veit að sumt af þessu fólki hefir bæzt við er annað fólk úr söngnum hefir "hellst úr hóp" og stundaði kirkju sönginn mörg ár eftir að eg fór. Síðast varð organista gjaldið 50,00 á ári og 75,00 á ári á Eyrarbakka þann tíma er eg var þar.

Lengi var það að organista gjaldið þótti, sumum, óþarft, ýmist eða of hátt, en þessu fylgdi og það, að engin borgun var ákveðin fyrir að annast um söng við jarðarfarir, þó tóku þær athafnir oft vfir mikinn hluta dags, ef aðstaða var lengra utan úr sókninni, en innan pláss væri. Þó man eg að mér voru borgaðar 2 kr. er jarðarför var ofan úr Brattsholts hverfi. Ferðin fyrst upp eftir 2ja tíma vegur hvora leið, í misjafnri færð, auðvitað var boðið í erfisdrykkju að kveldi. en að fara nú að haustdegi kl. 4 upp eftir aftur og lenda í myrkri til baka, var ekki árennilegt- hó fyrir góða máltíð væri að fara. Nokkrum sinnum tók eg við 1,00 fyrir umönnun söngs við jarðarfarir, en þetta dæmi er líka til:

Jarða skyldi barn frá Eyrarbakka, (það var áður en byggður var kirkjugarður þar), þetta var um sláttinn og við að heyja upp í Klettsengi, sem kallað var "Sökk" upp við túnið í Kletti hjá

Hróarsholti. (Trúlega kannast Freysteinn við klettinn í Hróars-
holts hverfi, eða Gráklett mun nafnið hafa verið). Skyldan bauð
hví að bíða til hádegis, að líkfylgdin kæmi að utan af Bakka.
Víst var það, að í tjaldsta í Klettstúni lendi eg kl. 5 að
kveldi, auðvitað óbreyttur af slættinum, en klárinn fljótandi í
svita hví vegurinn mun fullt eins langur og héðan upp að Kolviðar
hóli, Borgun var engin boðin, ekki ætlast til hennar og þetta
fylgdi auðvitað starfinu.

En- það var líka venja að jafnvel líkmenn tóku ekki við borgun
sízt ef heimilisfeður voru bornir til grafar, en vanalegt gjald
var 2 kr., til hvers líkmanns. Oft fór dagurinn í það að taka
gröf og jarða, og væri klakhögg mikið, varð að höggva klakann
daginn áður. Slæm vinna það.

Þó bótti verst að hreppa mjög slæma færð og illt veður við
jarðarfarir, mest útslit á mönnum og fatnaði þeirra. Að sjálf-
sögðu var veitt máltíð eftir föngum. líkmönnum er lík var sótt
til bæjar, og þeir sem gátu, veittu og erfisdrykkju á eftir
jarðarför. Sjálfsagt bótti að byggja slíkt boð ef ekkert hindr-
aði, slíkt boð var ávalt talið virðilegt boð, við nána-og vanda-
lausu ef kunnugir voru. T.d. ef húsbóndi eða húsfreyja lézt, þess
er lengi hafði bjónað hjá þeim, - þó fyrr væri, og vinátta hélst,
bótti sjálfsagt að bjóða í erfisdrykkju. Sama var og oft ef for-
maður dó, var vanalega boðið hásetum hans, jafnvel þeim er verið
höfðu, en hó hættir að róa á hans skipi.

Aldrei var borgað fyrir erfisdrykkjur, sem var þó vani að
borga fyrir sig í brúðkaupsveizlum, á vanalega 2- 4 kr., sumir
miklu meira. allir að sjálfsögðu eitthvað.

Líksöngseyrir var víst lögákveðinn, lengi vel tóku prestar
2 kr. fyrir líkræður, síðan 4 kr., varð því- húskveðja á 4 kr.,
líkræða í kirkju 4 kr. og lögb. líksöngseyrir 3 kr., alls 11 kr.

Þótti sumum hátt gjald, en hlutaðeigendur voru líka sjálfráðir um það hvað af ræðum þeir vildu hafa, og ekki heyrði eg neinn réttan hlutaðeiganda kvarta.

Skipasmiður. Hallgrímur Jóhannesson, Kaðlastöðum, smíðaði flestar líkkistur. Stærstar kistur kostuðu 14 kr. og þaðan af minna. Líkkistur voru smíðaðar úr 1 1/4 þykkum borðum, vanalega málaðar svartar- oft aðeins með kymroki (svört gljáalaus málning).

Oftast var gift í kirkju að undangengnum 3 lýsingum, eins og lög standa til. Flestir höfðu brúðkaupsveizlur, oftast var boðið 30- 60 manns, þó kom um tíma kapphlaup í þann sið og var boðið llo- mest 128 manns. Það voru ekki ríkir menn sem svo buðu, en af því tvennu, að húsrúm var nú nægilegt og að vel lét í ári og fólk skemmti sér vel- yngra fólkið þá að byrja að fylla sjávarborpin og drengir ósínkir á að borga fyrir sí og sína, svo þarna varð um tíma ábata von. Þeim er að stóðu.

Á þessum árum var helst veitt kaffi og súkkulaði,- ekki vín. Fyrr var það að átveizlur voru haldnar og þá vín veitt oft all ríflega, en aldrei heyrði eg þess getið að það hafi valdið óróa eða illindum í samkvæmum.

Til þess að víkja aftur að kirkjusiðum, er rétt að geta þess, að börn voru því aðeins skírð í kirkju að ekki væri kirkjuvegur langur, kirkjuinnleiðsla giftra kvenna þótti lengst af svo alveg sjálfsögð, en svo var þeim hætt, nær allt í einu, og fannst mér það furða, með svo gamlan kirkjusið. Fyrst er eg man, var prestur, sem fljótast er veður leyfði. sóttur til að skíra nýfætt barn, síðar breyttist þetta til hins gagnstæða,- látið dragast mánuðum eða árum saman.

Eg man eftir því, að fyrst er eg var við jarðarför, að þá var hringd líkhringing. Það voru 3 högg, sem kom fram í klukku við það að kólfurinn í klukkunni slær aðeins í þann barm klukkunnar er að hringjara snýr, hvert högg um leið og hann tekur það lítið í strenginn að klukkan sveiflast ekki, en við vanalega krapt-hringingu komu öll 3 höggin fram við sveiflu klukkunnar, þ.e. 1. höggið lendir á nær barmi klukku um leið og tekið er í klukku-strenginn, 2. höggið kemur er kólfurinn slær til baka í fjarbarminn og loks 3. höggið er slær hann í nærbarminn um leið og klukkan stöðvast nær hringjara og fellur áleiðis til baka í lóðrétta hengju. Þetta eru þær vanalegu hringingar sem við heyrum í okkar Lúthersku kirkjum, en þetta eina högg, sem hér er notað við jarðarförir kann eg fyrir mitt leiti- illa við, það getur vakið grun um að þetta eina högg geti verið óviðkomandi jarðarför, en þau 3 líkhringingar högg eru svo greinileg, róleg og mér finnst - máské af vana- fylgja þeim svo átakanlegur og rólegur helgiblær. að mér finnst eg sár sakna hans, í útfara síðum okkar kirkju. Höggin eru alveg jöfn og barna er það alveg á hringjarans valdi hve hröð þau eru og það sem meira er: hve sterk eða veik þau eru. Hin vanalega sveiflu hringing getur aldrei orðið veik, eða viðkvæm, því til þess að kólfur slái 2. höggið- slær í fjarbarm klukku - til þess verður átak í streng að vera það öflugt að klukkan sveiflist nær 1/2 hring = til og frá!

Eg hefi orðið þess var að í sumum kirkjum hér nærlendis, þ.e. Lútherskum, eru almennar hringingar með ýmsu móti, - líkjast meir annaratrúarbr. hringingum. Þetta kann eg ekki vel við, eg vil að séu hafðar okkar fallegu hringingar, eins og líka eru hér í Dóm- og Fríkirkjum Reykjavíkur, en þá hátíðlegu líkhringingu vantar þær báðar.

Mér finnst. eftir á að hyggja, að jarðarfarir hafi verið ennþá hátíðlegri fyrrum, þá var að sjálfsögðu sunginn, að mestu og stundum öllu "Alt eins og blómstrið eina", og við fyrstu jarðarfarir eg heyrði, stóð það alltaf heima að hringingin heyrðist einmitt á milli hendinga, þ.e. l. höggið féll aðeins áður en næsta hending byrjaði. Þá var annað sem gerði athöfnina hátíðlega, þessi kyrrð og ró, sem hér brestur svo mikið á - sem von er, í slíku umhverfi og mannbröng.

Því var fyrir nokkru hætt, að syngja allann sálminn "Allt eins" enda slæmt verk í hörku veðrum úti, þó hefir, til skamms tíma sumt gamalt fólk beðið um hann allann sunginn yfir gröf sinni og var það að sjálfsögðu gert.

Eg minnst þess hér. að aðeins 1 eldri maður, -fyrir sveitabóndi það þess, að ekki væri spilað á hljóðfæri yfir sér látnum. Þetta þótti nokkuð einkennilegt. Því aldrei hafði hann heyrst amast við hljóðfæra hljóm í kirkju né utan. Tvær dætur hans, báðar ágætar söngkonur, sungu í kirkju, önnur þeirra í mínum söngflokki 14 ár. Að sjálfsögðu var farið eftir þessum tilmælum gamla mannsins, við söngmenn settumst inn í kór og sungum eins og í gamla daga- eg held að okkur söngmönnum hafi nú þótt mest til þessarar "nýbreytni" koma, - engu síður hátíðlegt en hitt.

Giftingar fóru fram í kirkju, fyrst er eg man, þá stundum í messunni fyrir predikun, eða eftir predikun á undan blessun. Síðar- er meir var viðhaft! var oftast gift á kveldin kl.6-7, og þaðan svo gengið í veizlusalinn og skemmt sér fram undir næsta dag. - Til er all glögg lýsing á slíkri athöfn frá upphafi til enda- ekki rúm fyrir hana hér.

Altarisgöngur voru svo vel iðkaðar að - eg held- allt fermt fólk fór til altaris einu sinni á ári. Á vorin, fermingarbörn og með þeim foreldrar þeirra og systkin, máské önnur nákominn skyldmenni, en aðallega var gengið til altaris á haustin, eftir réttir og framundir jólaföstu. Þetta tók nokkurn tíma. og ekki alveg að ástæðulausu, því ekki voru allar húsfreyjur svo vel staddar, að eiga fullkominn klæðnað til altarisgöngu, en það var kirtill, eða samfella, koffurhúfa, skaut með blæju, enn síður áttu vinnukonur búning, en allt fór vel, það var svo gott samkomulag meðal kvenna að þær léðu hver annari það sem þær höfðu, önnur átti það er hina vantaði, og komu þær sér mjög vel saman um slík skipti, sittá-hvað. Eg var því dálítið kunnugur, að þegar beðið var um- eða mælt til- að fá léðan altarisbúning, þar sem hann var til, var því aldrei neitað, ef líkindi þóttu til að fötin væru við vaxtarhæfi þeirrar er nota skyldi. Slíkum búningum var sem bráðast skilað aftur, og af öllum meðhöndlaður með gætni og hreinlæti, eins og sjálfsagt var. Fötin voru dýr að verði. silfur belti og koffur oft dýrgripir þeirrar tíðar, og ekki að gleyma því að þetta voru sannkallaðir helgi gripir, einkum eldra fólki.

Síðar á þessum árum. er eg get talað um, voru einkum ógiftar konur farnar að ganga til altaris á peysufötum, þ.e. ísl.búningi, sumar þó með upphlut. Þar þar meira á millum og millukeðjum, sem var að sjálfsögðu úr mjög hreinu silfri, og mjög áberandi við svört föt. Þá voru viravirkis beltin og tvílofta beltis-hnappar,- á stærð við spesíur, að minnsta kosti, að þvermáli, þrýðilega unnir, ekki síður en nú á dögum, að nútíma smiðum ólöstuðum, og það sem meira var, allt þetta smíðað úr svo miklu efni há, á móti því sem nú er venja. Eg býst við að þeirra tíðar

smiðir hafi ekki haft slík sparsemdaraugu, sem nú er tíðast, og víst var það. að ekki var þá Þynnuvalsinn þekktur, sem fletur málminn svo út að "krónuþeninginn má fletja út í meðal skæðis-starð" eins og einn smiður orðaði það

Mikið af þeim silfur munum, sem þá voru til meðal almennings, höfðu smíðað Jón bóndi er lengi bjó í Háholti á Skeiðum, og sumt Þórður Pálsson í Brattsholti, er lært hafði silfursmíði hjá Jóni í Háholti. Báðir ágætir smiðir og vandvirkir. Um og eftir aldamótin, er altarisbúningar fóru að falla úr móð, seldi fólk þessa dýrgripi sína- eða sinna, fyrir sáralítið verð, og var þá kallað brotasilfur! Voru þá fengnir, oft, upp í kaupin, sárþunnir skúr- hólkar á all hátt verð.

Nú, en þegar að er gætt, hafði fólk ekkert við þetta að gera. því ekki hóttu líkur til að sá móður yrði tekinn upp aftur, eða víst voru þeir er - er eftir silfrinu sóttust, þeirrar mein- ingar,- og því lítilsvirði að vera að geyma gamalt brotasilfur, betra að fá þó eitthvað fyrir það!

Bóksöllumenn og skartgripa, er ferðuðust austur héðan að sunnan náðu í góða muni af þessu tagi, svo og gullsmiðir eystra, og hvað vissi fólk almennt um það, hvers virði brotasilfur eigin- lega var?

NB.

Athugasemd.

Fyrrum, þegar færi voru, var hampur spunninn til veiðafæra. Mest var það "Rússiskur" hampur, sem fluttist, - móbleikur að lit, og var grófur. Síðar fluttist og Ítalskur hampur, ljósari og mýkri. svo hægra var að spinna úr honum fínna garn, t.d. hæfilegra til Hrognkelsa neta. Fyrst er eg man, var hampur spunninn á snældu, - á Hampsnældu. sem var að mun stærri en tvinninga eða band snældan. Talað heyrði eg um, að á "siglingaleysis árunum" hafi færi verið spunnin úr ull. Þau entust vel, en þurftu góða hirðu til að verja þau fúa, því að ull er vatnsföst. Til hafði það og verið þó, að spinna hrosshár til handfæra, þau entust ver, þ.e. þau drógust fyr- (kallað var, er lóð eða færi voru nokkuð farin að slitna, að þau væru orðin dregin). Fyrst ca 1878 sá eg Hamprokk, hann smíðaði rokkasmiður, Jón Gíslason, (móðurbróðir minn, er bjó í Austur-Meðalholtum). Síðar voru fleiri slíkir smíðaðir, svo flestir útvegsbændur áttu Hamprokk. Þeir voru að mun stærri en bandrokkar, þeir voru og mikið notaðir til að tvinna bráð og band. Eftir að Hamprokkar komu, gekk svo miklu betur að spinna og tvinna hampinn. Þeir er hamp spunnu á snældu, þóttu leggja að sér miklar vökur, þ.e. "Stjörnuna í Miðmunda - jafnvel "Nón-stað", og hafa það þá verið vöku natur fyrripart vetrar. því þá er Sjö-stjarna all sunnarlega á lofti. Hampsþuni á snældur, var seinleg vinna og all lýjandi að greiða Rússn.hamp, sem oft var bæði grófur og flókinn. Hrognkelsa net úr heima spunnum hampi, voru all gróf og loðin en þóttu þó draga vel, þ.e. voru veiðin, jafnvel betur en útl. garnið sem síðar kom. Það var bæði snart og hart, fiskur losnaði fremur úr því.

Síðar fóru að flytjast útl. lóðalínur, 1- 1 1/2 - 2- 2 1/2 3- 4- 5- og 6 pd.. Allar slíkar línur voru 60 faðmar á lengd, = "Línulengd". Vigtin fór eftir gildleikanum. Öngultaumar voru snúnir úr hampbræði. síðar úr útl. garni, er það kom, Efni í öngultauma var mælt 7 kvartil, 2 1 3/4 al. Lóðarönglar voru mest notaðir á vetrar vertíð No 7, en á haust og vor vertíð No 8.

Flestir formenn og útgerðarmenn fóru vel með og hirtu vel veiðarfæri. Það hótti óhæft að skera sundur Lóðar ásin, jafnvel bó hnýtt væri saman aftur. En hjá þessu varð ekki komist, er lóðir fóru saman í sjó og illt var að greiða lóðar flækjur ef illt var í sjó, eða sjóveður varasamt. Að skera lóð í sundur og sleppa endanum, b.e. hnýta ekki saman, kom varla fyrir og ef svo var bó gert. hótti það versta þrælabragð, þá gat afgangurinn verið tapaður. og töfin við að róa á milli, óumflýjanleg. Að róa á milli var að finna næsta ból, og draga lóðina þaðan.

Til dæmis um nýtni manna og hirðisemi get eg þessa: Formaður, J.St. sem lengi reri út úr Íragerðissandi, hélt svo vel til haga öllum slitnum öngultaumum, rakti þá úr lykkjunni og hnýtti spottana saman, vatt þá upp í hnykla, og snéri svo saman, fyrst í sver færi og svo þau 4 færi saman í kaðal, sem var ca 1 1/2 þuml. að ummáli. Kaðall þessi var ca 12 faðma langur, b.e. nógu langur í kolluband (kolluband er hnýtt öðrum enda í stefni skips, með því er skipi fest við land og framá menn fara upp með kollubandið og halda skipi að) í skip hans. Mörg ár var það í notkun og dugði vel. Auðvitað var kaðallinn ekki vel sléttur - en -sögðu framá menn, "það er bara notalegt að halda um það, - það er ekki sleipt í hendi".

Annars voru öngultaum slitur notaðir í steina lykkjur og önnur þarfa bönd.

NB

Á blaði 29 II (bls. 53 hér). er getið um tylftar stykki.

Það voru eikar tré, kant söguð. = efniviður handa skipa smiðum. Þau voru 6 fet á lengd 4- 6 þuml. þykk og 10- 12 þuml. breið. Þetta var gallalaus viður og söguðu skipasmiðir þau niður í hálsa í skip, = háls heitir fremsti og aftasti hluti borða í byrðingi skipa, þ.e. í 4- 5 neðstu umförunum. Hálsana þurfti að vinda, = beygja og sveigja, en til þess var eikin bezt, hún rifnaði sízt. Þegar lagðir voru hálsar, var efnið sniðið til. Síðan bakað beggja megin í loga, svo lá við að í kviknaði, síðan-í hasti - lagður við, vindurnar settar á og neglt, fyrst í undirlot og svo með hnoðsaum til enda. Þeir neðstu,- vanalega 2, hinir tóku upp á stefnið.

Tylftar stykkjum var fyrst flett, þ.e. söguð á breiðveginn, síðan hver flettingur ristur, eftir miðju. Þá var komið efni í hálsa, þá var að hefla þá og laga.

Það bótti vandi að fletta vel með handsög, ef efni var breitt. Sög vildi sækja til annarar hvorrar hliðar, og á tylftar stykkju mátti skurði ekki mikið halla, svo ekki ónýttist efni. Því efni í hálsa var haft þunnt, vissara bótti að rista tylftar st. fyrst og fletta svo ristingunum á eftir. Þá var fletti-farið 1/2 styttra og vandinn minni að fletta efninu.

Helsta gangverð á bungavöru var, ár eftir ár, sem næst þessu:

Rúgur 8- 9 ö pr'pd'	Bankabygg I	11- 12 ö
Rúgmjöl 9- 10 ö	- II	10- 11 ö
Grjón No. I		12- 13 ö pd.
- - II		11- 12 ö
Hveiti, 9- 11 ö	Alexander hveiti	14- 15 ö pd.
Salt 5.- 6,00 pr. tnd.-mæld, ca 235- 250 pd.		
Ofnkol 5- 6,00 skpd. varð bó ódýrast 4,00 pr.skpd, er verzlun hætti þar eystra.		

Matvörur voru oftast góðar, einkum í Lefoliis verzlun, þess vanalega gætt þar, að aldrei var seld skemmd matvara.

Eftir að kaupfél.komu voru vörur - að vori- nokkru ódýrari, en varla eins jafn góðar. Um tíma flutti Björn Kristjánsson vörur til Stokkseyrar. Þá varð verðið lægst og það sem meira var, allra beztu matvörur sem fólk þar eystra hafði kynnst.

Því var það haft eftir karlinum:

"Það hlýtur að vera gott land hún Altona! ef grjónin þessi og bankabyggið vex þar"

NB. en, við sekkina voru bundnir seðlar er á stóð "Altona", vörur þessar líka nefndar Altonavörur, það var nóg!!

Til var að vörur. þ.e. matvara, hækkaði í verði um nýár, 2,00 tnd., í reikninga, og vist var það að verðs og vörugæða var mjög saknað, þegar Björn Kristjánsson hætti að reiða vörur þangað.

Prófessor hr. Ólafur Lársson.

Í Eimreiðinni síðustu.- XLIII. ap- jún. II hefti, hefst, á bls. 187, all merkileg ritgerð eftir Jóh. Hjaltason " Ýmislegt um vermennsku á 19. öld ". Það er vestfirðingur sem skrifar, enda á öll lýsingin við um háttu og höfn á Vestfjörðum.

Af því eg hefi áður rifjað upp og látið yður í té nokkuð af því sem viðkæmur sjávarútveg og háttum "austanfjalls", datt mér í hug, er eg las þessa ritgerð í Eimreiðinni, að tilfæra eitthvað af samskonar efni þar eystra, til samanburðar við það er á Vestfjörðum er, og sem er að mörgu furðu ólíkt, einkum heiti skipshluta enda voru þar eystra, til miklu stærri skip, einkum í Þorlákshöfn.

Til hægðarauka set eg vestfirsku nöfnin- eins og þau eru tilfærð- í sviga, þar sem átt er við sama hlut. Rétt orðatiltæki undirstrikuð!

S k i p í s m í ð u m :

1. Skip sett á stökkana. "kjölnur lagður" (að leggja kjölinn).
2. Fest undirlotin, að aftan og framan.
3. - stefnin - - og skorðað af, með stífum.
4. Lagðar kjölsíður, beggja megin kjöls við efri brún, þar eru nær þríkantaður listi, nær alla leið á milli undirlota, negldur í kjölinn, utanað.
5. Lagðir hálsar að fyrsta umfari, þeir klæða undirlot.
6. Lagt fyrsta (neðsta) umfar, borðið neglt í kjöl-síðu og í háls til endanna.

7. lagðir fleiri hálsar og bá um leið hvert umfar borða, hnoðuð saman með nagla og ró, há er búið að setja röð stórra nagla að endilöngum kyli, þeir eru settir þar sem bver-bönd eiga að liggja yfir um skipið h.e. undir hverri bóftu og eitt í miðju rími, þannig enda á milli, það er nauðsynlegt að mæla þannig fyrir böndum og merkja, svo smiður geti glöggvað sig á því, og þar með varast að setja byrðings hnoðnagla undirband, þar kemur bandanaglinn, 1 í hverja skör, utan að í gegnum þæli borð og næstum í gegnum þvert bandið, aðeins hnoðgaddar ná í gegn og eru hnoðaðir með sterkri ró, t.d. í samskeyti undir-hlutar (bunkastokkur) og áfelli (röng?).

Byrðing er fullbyggð. "að byrða skipið".

8. Settir borðstokkar (eitt vandasamasta verkið, því við það myndast lag skipsins að ofan og furðu mikið niður að kjöl)
9. Þá fyrst eru undirhlutir lagðir að endilöngu og botnlag máské að litlu breytt, þeir negldir niður.
10. Áfellur settar, ofan við undirhluti og upp í borðstokk, negldar með hnoðgaddi í hvern enda.
11. Settir bóftur. á annað hvert band. tekið úr hvorum enda miðjum, fyrir borði, og
12. lögð langböndin (langísa) fast upp við bóftur og hver bófta negld niður, 1 nagli í hvora rönd bóftu, þetta var bóftum mest til stuðnings.
13. Festir hnélistar (koll(h)arður), hnoðnagli uppúr bóftu í gegnum sporð á hnélista og hnoðuð ró sem lagðist yfir sporðinn með tveim andstæðum hyrnum og varnaði því fremur að klofnaði útúr er mikið reyndi á skipið, að utan í gegnum efsta borð, borðstokk og hnélista var hnoðgaddur settur, róin að innan og

beygðist yfir enda hnékistans - og vel hnoðuð á hnoðgadds-endann.

Þessi frágangur þótti vera mest til styrktar skipum, við alla áreynslu.

14. Þá eru settar snældur (stelkur) undir hverja þóftu, 1 banda nagli stóð niður úr miðri þóftu og ofaní enda snældu, en hún stölluð í hálf, í neðri enda og fest í undir-hlut miðjan. Snalda átti að vera rík í, þ.e. það löng að þófta fremur lyftist upp í miðju. Of stuttar snældur vildu ávalt losna. Snældu mátti ekki vanta undir þóftu, því þá lét þófta undan í ósjó og varð laus og ei til styrktar.

IV

15. Þiljur, tvær í hvert rúm = milli banda. Þær hlífðu skipsbotni við sliti, gerðu botninn jafnari til að standa á í skipi, og síðast en ekki sízt, vörðu því að fiskur eða annað færi niður í sog og stöðvaðisbar með nauðsynlegt afrennsli til austurs- ins- í austur rúmi.

Fremsta og aftasta þessara þilja heitir splittir, á þeim standa: formaður í aftur stefni og barkamaður í fram stafni skipsins.

16. Þar ofar, ca 18 þuml. komu stafnlok og hlýru til hvorrar hliðar til að sitja á.

17. Kræppar eru efstu skorður milli borðstokks og stefnis, aftan og framan. upp af þeim er endi stefnis "hnífíll", hærri á fram-stefni og lægri á aftur-stefni.

18. Settir keipstokkar ofan á borðstokka. tvær nefjur (tollur) mynda keip, þær eru úr eik, greiptar niður úr gegnum keipstokk og vel festar. Sú fremri nefja hét baknefja en sú aftari fellinefja. Í keip voru keip-járn til styrktar fyrir sliti (þeim lýst á öðrum stað).

<u>Hnoð naglar</u> í byrðing voru	1 1/4 - 1 1/2"	lengd
<u>Banda naglar</u>	3- 3 1/2"	-
<u>Hnoð naglar</u>	3- 4"	-
og <u>Hnoðgaddar</u> (eða spíkur)	4- 5- 5 1/2"	-

Saumur því gildari sem lengd var meiri. Í skips byrðing voru lengst of notuð Valborð. Þeim var flett, svo að úr 1 1/2" valborð borði kom 2 nær 3/4" borð, og var mjög hentugt efni í byrðing þegar þau voru hefluð beggja megin, hver flettingur var svo ristur eftir miðju og það var hæfileg borðbreidd í skipsbyrðing. Þessi valborð voru vanalega 1 1/2" þykk. 9- 12" á breidd og 12- 15 feta löng. Efnið var rauðleit og fitumikil Fura. Þau voru oft randbogin, þannig eins og tré hafði verið, - ekki rand söguð. Þessi bugða á breiddina var oft tilvalið snið í efri hluta byrðings svo mjög lítið fór til spillis, í höndum hagsýnna manna.

VI

Skipasmiðir fannst mér, að ýmsu leiti, sérstaklega athugulir um ýmislegt er að þessu smíði laut. Þó varð eg ekki var við neina hjátrú né dagaval hjá þeim. Þó ætla eg að geta hér eins, er eg heyrði getið um einn þeirra - en ekki sá eg hann vinna þannig sjálfan, né spurði hann um það.

Það hafði verið siður smíða, að höggva í efnivið með öxi sinni, til að skoða efnið. Nú er það svo að "högg spónn" verður tíðast nokkuð boginn, = svignar frá öxinni. Félli axar - eða högg spónninn hjá þessum manni á grúfu, = á hvolf, á jörðina, er sagt að þessi skipasmiður hafi ekki notað það tré, til neins í skip. Þessi skipasmiður smíðaði allra flest skip þar eystra og þóttu þau heppnast vel.

Skip voru til, frá eins rúms bátum, til 6 rúma, =þ.e. 12 ára ("teinahringar"=eða réttara sagt, "tíðringar" voru ekki fá), tólf-æringar færri, þau voru í Þorlákshöfn.

Rúmin í þessum skipum, voru nefnd þeim nöfnum sem sýnd eru á næsta blaði b.e. blaði VII.

VII	4 manna far.	6 m.f.	8.m.f.	10 m.f.	12 m.f.
	andbófsrúm	Andb.r.	Framí r.	Framí r.	Framí r.
	Austursrúm	Miðskips-r.	Andþ.r.	Andþ.r.	Andþ.r.
		Austurs-r.	Miðsk.r.	Fyrir-r.	Fyrir-r
			Austursr.	Miðsk.r.	Miðsk.r.
				Austursr.	Slógrúm
					Austursr.

Renningur úr bykku jární, var undir endilöngum kyli og upp á stefni, kallaðist "drag", neglt neðan í kjöl með nöglum svo haus nagla féll inní dragið. Ef slíkur nagli losnaði niður, kom drag-bítur, svo erfitt varð að setja skip á trjám.

Efsta borð á skipi heitir hálftrim, = hárim?, efst á henni er listinn að endilöngu stafna á milli, ætíð hafður ávalur að utan. Stýrislykkjur 2 á aftur stafni. Á fram stafni - stjórnborðsmegin á hnífli, var útleggjara hringur settur, festur í gegnum stefnið efst og brugðið loku í bakborðsmegin hnífils. - Möstur stóðu í stellingum, tíðast 4 stagir á mastri, festir niður í borðstokk eða langbönd með undirgirðingum.

Stundum var settur skutróður í skip, helst þó í 6 og 8 m.f., urðu við það árar 2 fleiri. Eins mátti setja skutr. í 10 og 12 mannf., en það tíðkaðist síður. Það þótti auka gang að mun er skutróður var, gerði sýnilega meiri gang, en frammí árarar. Þar var borð herra og róður erfiðari. En borð-há skip voru ætíð erfiðari til róðurs, gengu betur 1/2 hlaðin. Þá áttu ræðarar hægra með að njóta sín, sem svo var kallað.

N.B. Nokkur orð um seglin næst, ef tími gefst til þess.

Ísólfur Pálsson.